Sþ. 73. Skýrsla

dómsmálaráðherra um athugun á meðferð dómsmála og dómaskipun.

Undanfarin ár hefur verið unnið að því í dómsmálaráðuneytinu að rannsaka meðferð dómsmála í landinu og önnur tilvik, sem eru þar í nánum tengslum. Hefur öllum héraðsdómurum landsins verið gert að láta ráðuneytinu í té nákvæma skýrslugerð um afgreiðslu dómsmála eftir nánari sundurgreiningu í einkamál, opinber mál og fógetagerðir og jafnframt leitað álitsgerða þeirra um lagfæringar á löggjöf eða í framkvæmd, sem til bóta mættu teljast.

Var í fyrstu safnað skýrslum, er tóku til áranna 1961—1963, en að fenginni reynslu þessarar skýrslugerðar var síðar bætt við árunum 1964—1965, svo að nú liggja fyrir ýtarleg gögn um þetta fimm ára tímabil. Hefur Sigurður Líndal, hæstaréttarritari, verið ráðuneytinu til aðstoðar við úrvinnslu þessara gagna og þá skýrslugerð, sem nú liggur fyrir á þessum grundvelli, sem er sú fyrsta sinnar tegundar hér að lútandi. Að vísu er vikið að þessum málum í dómsmálaskýrslum hagstofunnar, sem út voru gefnar á sínum tíma, en á nokkuð annan hátt.

Augljóst er af þessari gagnasöfnun og skýrslugerð („statistik"), að í henni felst verðmæt yfirsýn þessara mála, sem ætti að geta haft verulega þýðingu við endurskoðun og umbætur, sem kynni að vera talin þörf á í dómaskipun og meðferð dómsmála.

Meðan á þessari gagnasöfnun hefur staðið, hefur þróunin á öðrum sviðum stjórnsýslu hneigzt að endurskoðun mála í samræmi við breytta þjóðhætti og margvíslegar aðstöðubreytingar í þjóðfélaginu.

Sett voru ný lög um læknaskipun í landinu á Alþingi 1964—1965 (l. nr. 43/1965). Verulegar breytingar eru fólgnar í þessari löggjöf, en þess er einnig orðið vart, að líklegar eru miklu meiri breytingar á grundvelli þeirra heimilda, sem í lögunum felast, og er þar einkum átt við heimildir til þess að sameina læknishéruð og koma upp læknamiðstöðvum, sem reynslan virðist benda til, að líklegra sé en eldri skipan til þess að veita mun raunhæfari læknisþjónustu og betri fyrirgreiðslu, eins og nú háttar til í landinu.

Þann 23. apríl 1965 skipaði kirkjumálaráðherra nefnd til þess að endurskoða prestakallaskipun og prófastsdæmi landsins. Sú nefnd skilaði áliti 28. marz 1966. Álit nefndarinnar og tillögur hafa verið til umræðu á prestastefnu s. l. vor. Alþingismönnum hafa verið sendar þessar tillögur og álitsgerð. Ráðherra lagði málið fyrir Kirkjuþing, sem nýlokið er. Er nú í undirbúningi að leggja þetta mál fyrir Alþingi.

Á fundi í fulltrúaráði Sambands íslenzkra sveitarfélaga, sem haldinn var í Reykjavík dagana 10. og 11. marz 1966, var einróma gerð ályktun varðandi endurskoðun gildandi lagaákvæða um sveitarstjórnarumdæmi í landinu. Lagði fulltrúaráðið til, að sett verði á stofn sérstök nefnd skipuð fulltrúum frá ríkisvaldinu og Sambandi íslenzkra sveitarfélaga, sem fái það hlutverk „að framkvæma gagngerða endurskoðun á skipan sveitarstjórnarumdæma í landinu og gera tillögur í frumvarpsformi um þær breytingar, sem nefndin telur tímabært, að

gerðar verði.“ Félagsmálaráðherra hefur skipað slíka nefnd og gert er ráð fyrir, að hún skili áliti og tillögum eigi síðar en í árslok 1968. Samkvæmt ályktun fulltrúaráðsins skyldi nefndin sérstaklega athuga og gera tillögur um stækkun sveitarfélaganna, á þeim grundvelli að sameina sveitarfélög og breyta mörkum þeirra.

Í lok síðasta þings lögðu nokkrir þingmenn fram tillögu til þingsályktunar um athugun á breyttri héraðsdómaskipun. Tillagan hlaut ekki afgreiðslu, en fram komu í greinargerð hennar og við umræðu þau sjónarmið, að þessi mál þörfnuðust endurskoðunar.

Ætla verður, að fimm ára skýrslan um meðferð dómsmála í landinu og álitsgerðir dómara samtímis þeirri gagnasöfnun veiti mjög verðmætar upplýsingar í sambandi við hugsanlegar breytingar á dómaskipun. En þegar jafnframt er haft í huga, að sýslumannsembættin munu vera meðal elztu embætta landsins, virðist eðlilegt, að full gát verði höfð á breyttri skipan þessara mála. Hins vegar er ekki óeðlilegt, að endurbætur haldist í hendur við aðrar umbætur í stjórnsýslu landsins.

Dómsmálaráðherra hefur því með bréfi 7. október 1966 ákveðið að skipa sjö manna nefnd til þess að athuga breytingar, sem gera mætti á dómaskipuninni og til bóta mættu teljast, og jafnframt að athuga og gera tillögur um breytingar á löggjöf og framkvæmd varðandi meðferð dómsmála í landinu. Nefndin er þannig skipuð, að einn fulltrúi skal tilnefndur frá hverjum eftirtalinna aðila: Hæstarétti, lagadeild Háskólans, Dómarafélagi Íslands og Lögmannafélagi Íslands. Enn fremur eiga sæti í nefndinni yfirborgardómarinn í Reykjavík, yfirsakadómarinn í Reykjavík og ráðuneytisstjórinn í dómsmálaráðuneytinu, sem er formaður nefndarinnar. Gert er ráð fyrir því, að nefndin hafi samband við og fylgist með störfum nefndar þeirrar, sem félagsmálaráðherra skipaði til að endurskoða skipan sveitarstjórnarumdæmanna. Nefndinni er veitt heimild til þess að ráða sér starfskrafta, og er gert ráð fyrir, að kostnaður af störfum hennar greiðist af kostnaði við dómsmálastjórnina í landinu.

Rétt hefur þótt að gera Alþingi grein fyrir þessu máli um leið og skýrslan um meðferð dómsmála er hér með lögð fyrir þingið.

## Skýrsla um gang dómsmála 1961—1965.

Á undanförnum árum hefur verið að því fundið, að meðferð dómsmála taki yfirleitt of langan tíma hér á landi. Oft og einatt hafa þau mál eðlilega verið rædd á Alþingi og breytingar gerðar á réttarfarslöggjöfinni í þeim tilgangi að bæta hér úr. Árangur hefur ekki verið talinn sem skyldi, og þann 13. maí 1964 var samþykkt á Alþingi þingsályktunartillaga um ráðstafanir til þess að hraða meðferð dómsmála.

Að framangreindu athuguðu var talið nauðsynlegt, að fram færi nákvæm rannsókn þess, hversu málum þessum sé raunverulega háttað, og væri slík rannsókn skilyrði þess, að unnt væri að lagfæra það, sem betur mætti fara.

Er hafizt var handa, varð skjótlega ljóst, að athuga varð mál þetta alveg frá rótum, enda engum skýrslum til að dreifa um gang dómsmála hér á landi frá síðari árum. Varð því fyrst fyrir að hefja söfnun gagna til upplýsingar þessum atriðum. Í því skyni voru gerð eyðublöð til yfirlits um gang dómsmála og blöð þessi send öllum héraðsdómurum landsins (sýslumönnum, bæjarfógetum, lögreglustjórum í Bolungarvík og á Keflavíkurflugvelli, svo og forstöðumönnum héraðsdómstólanna í Reykjavík) til útfyllingar. Yfirliti þessu var í fyrstu ætlað að ná yfir árin 1961—1963, en síðar var ákveðið, að það skyldi einnig ná til áranna 1964 og 1965. Skyldu þar koma fram helztu áfangar á ferli hvers máls fyrir dómstólunum.

Athuguninni var fyrst og fremst ætlað að ná til almennra héraðsdómstóla. Sérdómstólar þeir, sem athugun náði til, eru þessir: Sjó- og verzlunardómar, landamerkja- og vettvangsdómar, svo og merkjadómar í Reykjavík og á Akureyri. Í

opinberum málum náði athugun aðeins til almennra héraðsdómstóla, en ekki til sérdómstóla eins og t. d. Siglingadóms.

Auk þess sem héraðsdómararnir voru beðnir að gera þessa grein fyrir meðferð dómsmála, var þess einnig farið á leit, að þeir skýrðu frá því, hverjar þeir teldu helztu orsakir fyrir drætti á meðferð dómsmála og hvaða tillögur þeir vildu gera um breytta löggjöf — og/eða framkvæmdaatriði, er stuðlað gætu að skjótari meðferð mála. Tóku ýmsir héraðsdómaranna afstöðu til þessara atriða í bréfum sínum, en þó ekki allir.

Framangreind þingsályktun var einnig send eftirtöldum aðilum til umsagnar: Hæstarétti Íslands, saksóknara ríkisins, lagadeild Háskóla Íslands, Dómarafélagi Íslands og Lögmannafélagi Íslands.

Var þess óskað, að látin yrði í té álitsgerð um það, hverjar ráðstafanir yrðu taldar bezt til þess fallnar að ná því markmiði, sem þingsályktunin beindist að. Eru bréfin birt hér í þessari greinargerð.

Aðaláherzla hefur verið lögð á að afla upplýsinga um þau mál, sem *dómur* hefur gengið í, og á það bæði við um opinber mál og einkamál, og ná töflur þær, sem hér fylgja, til þeirra. Einkamálum, sem eru skriflega flutt einkum vegna þess, að stefndi sækir ekki þing, varð þó að sleppa, enda þótti sú fyrirhöfn, sem það hefði kostað að gera nákvæmt yfirlit um þau, engan veginn svara kostnaði, og er frekari grein fyrir þessu gerð, þar sem fjallað er nánar um þessi skriflega fluttu einkamál. Er því í töflum þeim, sem hér fylgja, fjallað um þau opinber mál, sem dómur hefur gengið í, og einkamál, sem dæmd hafa verið að undangengnum munnlegum málflutningi.

Um niðurstöður þeirra athugana, sem gerðar voru, skal vísað til taflnanna, svo og skýringa á hverri töflu fyrir sig. Til nánari skýringar almennt á tímalengd meðferðar hvers máls skal þetta tekið fram:

*Upphafstími* opinberra mála er miðaður við *dagsetningu kæru* (fyrstu kæru, ef um er að ræða fleiri en eina). Dagsetningu kæru tókst ekki að upplýsa alls staðar og var þá miðað við upphaf lögreglu eða dómsrannsóknar, ef meira en ár leið frá þeim tíma til dómsuppsögu. Annars voru mál, sem þannig var óvíst um, hversu lengi hefðu staðið, ekki tekin inn í töflurnar, en þeirra er getið sérstaklega. Hér er aðeins um fáein mál að ræða.

Upphafstími einkamála var miðaður við þingfestingu, en í fógetamálum, þar sem ekki var um uppkvaðningu úrskurðar að ræða, við það, er mál berst embætti.

Lok málsmeðferðar eru miðuð við *dómsuppkvaðningu* eða *framgang gerðar*.

Hafa ber í huga, þegar töflurnar eru lesnar, að þær gefa að nokkru leyti fegraða mynd. Líklegt má telja, að ýmis þau mál, sem skemmst hafa staðið, hafi verið flutt milli umdæma og meðferð þeirra í heild staðið lengur en töflur gefa til kynna, þar sem þær eru miðaðar við meðferð í hverju umdæmi fyrir sig. Yrði það mikil fyrirhöfn að kanna til hlítar gang slíkra mála, en mundi þó naumast svara kostnaði, þar eð hér er ekki um ýkja mörg mál að tefla.

Eins og drepið var á tókst ekki að afla allrar þeirrar vitneskju, sem reynt var og æskilegt hefði verið. Skal hér getið um helztu atriðin þar að lútandi:

Í því skýrsluformi, þar sem ætlazt var til, að gerð yrði grein fyrir munnlega fluttum einkamálum, var m. a. gert ráð fyrir, að fram kæmi, hvenær um væri að ræða úrskurði eða ákvarðanir dómara um gagnaöflun og mál væru endurupptekin í því skyni, annað hvort eftir að lögmenn teldu gagnaöflun lokið eða mál hefði verið dómtekið. Fullnægjandi upplýsingar um þessi atriði var ekki unnt að fá hjá borgardómaraembættinu í Reykjavík, en þær athuganir, sem gerðar hafa verið, benda þó ótvírætt til þess, að talsvert kveði að slíkum endurupptökum.[1]) Stafa þær vafalaust einkum af þeirri skipan hjá embættinu, að sá dómari, sem

---

1) Af þeim athugunum, sem gerðar hafa verið og eru að vísu ófullkomnar, virðist mega ráða, að fullur helmingur mála sé endurupptekinn á þann hátt, sem hér greinir.

dæma á, fær mál jafnaðarlega ekki í hendur til dómsuppkvaðningar fyrr en lögmenn telja gagnaöflun lokið. Hefur þá ef til vill annar dómari (jafnvel fleiri en einn) annazt vitnaleiðslur og sá þriðji tekið fresti o. s. frv. Hins vegar virðist ekki kveða mikið að þess konar háttum á gagnaöflun í lögsagnarumdæmum utan Reykjavíkur, enda fer þar sami dómari jafnaðarlega með mál frá upphafi.

Æskilegt hefði einnig verið að gera grein fyrir gangi einstakra tegunda mála, en það reyndist ekki tiltækt. Var þess að vísu óskað, að gerð væri grein fyrir því í skýrslunum, hvers konar mál um væri að ræða og var svo gert, er skýrslur voru útfylltar. Hins vegar var sú greinargerð ekki nægilega samræmd eða ávallt svo ljós sem skyldi. Ef slíkt ætti að gera, þyrfti að staðla málin rækilega, þannig að þau gætu fallið í ákveðna flokka, en slíkt er mikið starf og miklu meira en svo að tiltækt sé að ráðast í það, nema að undangengnum rækilegum undirbúningi. Flokkun og stöðlun sakamála er og ærið flókin og ekki á annarra færi en þeirra, sem sérmenntun hafa fengið um gerð brotaskýrslna. Þótti því ekki fært að ráðast í neina slíka skýrslugerð, svo að heitið gæti. Tveir flokkar opinberra mála voru þó athugaðir — áfengis- og umferðarlagabrot og hegningarlagabrot (sbr. töflu IV). Er nánari grein gerð fyrir þeim flokkum hér á eftir. Einkamálin voru hins vegar aðeins flokkuð í samræmi við skiptingu þeirra milli embætta í Reykjavík (sbr. töflu VI).

Í bréfi ráðuneytisins var einnig óskað upplýsinga um það, í hversu mörgum opinberum málum sakir fyrntust vegna dráttar á meðferð þeirra, en um það efni fékkst ekki eins mikil vitneskja og æskilegt hefði verið. Er nánari grein gerð fyrir þessu á bls. 12—13 hér á eftir.

Sama er að segja um greinargerð þá, er óskað var um þau mál tveggja ára og eldri, sem ólokið væri í árslok 1965. Nánari greinargerð um þau er á bls. 16—17 hér á eftir.

Enda þótt viðleitnin hafi einkum beinzt að sakamálum, sem dómur hefur gengið í, og einkamálum, sem dæmd hefðu verið eftir munnlegan flutning þeirra, var þess einnig freistað að afla vitneskju um fleiri dómsathafnir, en það tókst ekki nema að litlu leyti. Einkum var hér um að ræða fógetamál, sem lúkast án þess, að dómur eða úrskurður gangi. Upplýsingar um þau eru af skornum skammti, svo sem nánar er vikið að á bls. 16 hér á eftir.

Sú reynsla, sem fengizt hefur af þessu starfi, sannar, svo að ekki þarf um að deila, hver höfuðnauðsyn það er, að hafin verði að nýju gerð dómsmálaskýrslna, enda er jafnan auðveldara og fyrirhafnarminna við að eiga, ef upplýsingum er safnað jafnóðum. Skal ekki fjölyrt um gildi slíkra skýrslna, enda munu fáir, sem eitthvað til þekkja, draga gildi þeirra í efa. Ætti ekki að láta skýrslugerð slíka, sem hér hefur verið unnið að, falla niður, enda þótt þar megi vafalaust margt færa til betri vegar. Slíkt framhald skýrslugerðar er m. a. nauðsynlegt, svo að unnt verði að sjá, hvort þær ráðstafanir, sem gerðar kunna að verða til að hraða dómsmálum, beri tilætlaðan árangur eða ekki.

Skýrsla sú, sem hér fer á eftir, skiptist í tvo hluta. Er fyrst greinargerð um meðferð dómsmála, en síðan koma 7 töflur til skýringar. Greinargerðinni er aftur skipt í tvo kafla.

Í 1. kafla er gerð grein fyrir því, hvernig meðferð dómsmála er háttað eftir því sem vitneskja hefur fengizt, en í 2. kafla eru birtir hlutar úr bréfum embættismanna þeirra, sem spurðir voru, þar sem skýrðar eru helztu orsakir fyrir drætti á meðferð dómsmála, og tillögur þeirra til úrbóta. Í upphafi kaflans er gert stutt yfirlit um það helzta, sem fram kemur um þetta efni í bréfum embættismannanna.

Loks skal skýrt tekið fram, að hér er alls ekki um að ræða neina könnun á starfsemi embættanna í heild, heldur eingöngu þeim hluta, sem lýtur að úrlausn dómsmála, en þau störf eru aðeins lítill þáttur í starfi margra embætta úti á landsbyggðinni, eins og kemur fram í bréfum ýmissa sýslumanna og bæjarfógeta.

# I. KAFLI

## I. Opinber mál.

### *A. Mál, sem lokið hefur verið með dómssátt.*

Ekki þótti fært að æskja nákvæmra skýrslna um það, hversu lengi meðferð þeirra mála hefði staðið, sem lukust með dómssátt, en óskað var greinargerðar um þau, — hversu mörg þau hefðu verið og hversu langan tíma meðferð þeirra hefði tekið, þannig að tilgreindur væri skemmsti og lengsti tími, sem liði frá dagsetningu kæru til þess dags, er dómssátt var gerð.

Þar sem notuð hafði verið heimild til lögreglusekta, var þess jafnframt óskað, að gert yrði yfirlit um, hve mörgum málum hefði verið lokið á þann hátt. Voru svör hlutaðeigandi embættismanna að vísu ekki eins fullkomin og æskilegt hefði verið, en hér fer á eftir það, sem fram kom í þeim:

Reykjavík (sakadómur):

Dómssáttir:

| | |
|---|---|
| 1961 | 4 465 |
| 1962 | 2 352 |
| 1963 | 2 600 |
| 1964 | 5 761 |
| 1965 | 4 040 |
| Samtals | 19 218 |

Um gang þessara mála tekur yfirsakadómari fram:

„Skemmstan tíma tekur að ljúka málum á sama sólarhring og brot er framið, og af slíkum málum má fyrst til nefna kærur út af ölvun á almannafæri. Önnur mál taka lengri tíma, nokkra daga, vikur eða mánuði og einstaka mál ár og dag, þegar erfiðleikar hafa orðið á að fá sökunaut og vitni fyrir dóm (dvalarstaður ókunnur) eða afla nauðsynlegra sakargagna í máli, t. d. vegna þess að orðið hefur að senda það í önnur lögsagnarumdæmi eða framkvæma tímafrekar athuganir eða rannsóknir málsins vegna. . . . Ástæðan fyrir fækkun dómssátta“ árið 1965 „er aðallega sú, að það ár sögðu tveir fulltrúar lausu starfi sínu, en ekki hefur tekizt að fá nema einn fulltrúa í stað þeirra“.

Reykjavík (lögreglustjóri):

Yfirlit um fjölda lögreglusekta samkvæmt reglum um stöðumæla í Reykjavík, nr. 116/1957 og reglugerð um sektargerðir lögreglumanna, nr. 73/1961.

| | | Þar af | |
|---|---|---|---|
| | Kærur | lokið við embættið | sendar annað |
| 1961 | 9 658 | 6 631 (68.66%) | 3 027 (31.34%) |
| 1962 | 18 097 | 12 225 (67.55%) | 5 872 (32.45%) |
| 1963 | 16 381 | 9 702 (59.23%) | 6 679 (40.77%) |
| 1964 | 23 118 | 15 630 (67.61%) | 7 488 (32.39%) |
| 1965 | 23 865 | 15 856 (66.44%) | 8 009 (33.56%) |
| Samtals | 91 119 | 60 044 (65.90%) | 31 075 (34.10%) |

Mýra- og Borgarfjarðarsýsla:

Dómssáttir:

| | |
|---|---|
| 1961 1962 1963 | 29 |
| 1964 1965 | 45 |
| Samtals | 74 |

Ekki er getið um það, hversu lengi meðferð mála þessara hefur staðið.

Akraneskaupstaður:

Dómssáttir:

| | |
|---|---|
| 1961 | 82 |
| 1962 | 114 |
| 1963 | 127 |
| 1964 | 121 |
| 1965 | 109 |
| Samtals | 553 |

Ekki er þess getið, hversu langan tíma meðferð mála þessara hefur tekið.

Lögreglusektir:

| | |
|---|---|
| 1964 | 21 |
| 1965 | 25 |
| Samtals | 46 |

Dalasýsla:
Upplýsingar skortir.

Snæfellsness- og Hnappadalssýsla:

Dómssáttir:

| | |
|---|---|
| 1961 | 31 |
| 1962 | 52 |
| 1963 | 53 |
| 1964 | 28 |
| 1965 | 49 |
| Samtals | 213 |

Ekki er þess getið, hversu langan tíma meðferð mála þessara hefur tekið.

Barðastrandarsýsla:

Dómssáttir:

| | |
|---|---|
| 1961 | 49 |
| 1962 | 54 |
| 1963 | 25 |
| 1964 | 12 |
| 1965 | 12 |
| Samtals | 152 |

Um árin 1961—1963 var gefið svofellt yfirlit: Innan viku lauk meðferð 28 mála. Innan þriggja mánaða lauk meðferð 76 mála og innan árs lauk meðferð annarra

mála. Um árin 1964 og 1965 var tekið fram, að flestum málum lyki innan mánaðar, 12 málum hefði lokið á lengri tíma; þó hefði ekkert mál staðið lengur en 8 mánuði.

Lögreglusektir:

| | |
|---|---|
| 1965 | 10 |

Ísafjarðarsýsla, Ísafjarðarkaupstaður:

Dómssáttir:

| | |
|---|---|
| 1961 | 87 |
| 1962 | 67 |
| 1963 | 93 |
| 1964 | 120 |
| 1965 | 164 |
| Samtals | 531 |

Ekki er þess getið, hversu langan tíma meðferð mála þessara hefur staðið.

Bolungarvík:

Dómssáttir:

| | |
|---|---|
| 1961 | 16 |
| 1962 | 7 |
| 1963 | 29 |
| 1964 | 30 |
| 1965 | 16 |
| Samtals | 98 |

Afgreiðsla þeirra hefur tekið að jafnaði 6—12 daga. Oft hefur þeim lokið á 2—3 dögum og fyrir hefur komið að afgreiðsla hafi staðið 2—3 mánuði.

Strandasýsla:
Ekkert opinbert mál.

Húnavatnssýsla:

Dómssáttir:

| | |
|---|---|
| 1961 | 14 |
| 1962 | 11 |
| 1963 | 1 |
| 1964 | 5 |
| 1965 | 5 |
| Samtals | 36 |

Ekki er þess getið, hversu langan tíma meðferð mála þessara hefur staðið.

Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókskaupstaður:

Dómssáttir:

| | |
|---|---|
| 1961, 1962, 1963 | Vantar upplýsingar |
| 1964 | 20 |
| 1965 | 63 |

Ekki er þess getið, hversu lengi meðferð málanna stendur.

Siglufjarðarkaupstaður:

Dómssáttir:

| | |
|---|---|
| 1961, 1962, 1963 | 316 |
| 1964, 1965 | 74 |
| Samtals | 390 |

Ekki er þess getið, hversu langan tíma meðferð mála þessara hefur staðið.

Ólafsfjarðarkaupstaður:

Dómssáttir:

| | |
|---|---|
| 1961 | 6 |
| 1962 | 6 |
| 1963 | 1 |
| 1964, 1965 | 27 |
| Samtals | 40 |

Meðferð þessara mála stendur að jafnaði um það bil viku.

Eyjafjarðarsýsla, Akureyrarkaupstaður:

Dómssáttir:

| | |
|---|---|
| 1961 | 509 |
| 1962 | 379 |
| 1963 | 523 |
| 1964 | 265 |
| 1965 | 327 |
| Samtals | 2003 |

Meginfjölda þessara mála var lokið á 1—2 vikum.

Lögreglusektir:

| | |
|---|---|
| 1964 | 265 |
| 1965 | 327 |
| Samtals | 592 |

Þingeyjarsýsla, Húsavíkurkaupstaður:

Dómssáttir:

| | |
|---|---|
| 1961 | 60 |
| 1962 | 58 |
| 1963 | 64 |
| 1964 | 74 |
| 1965 | 79 |
| Samtals | 335 |

Meðferð mála þessara hefur staðið allt frá 1 degi í 22 mánuði. Meðferð eins máls 1962 stóð þó tæp 2 ár, en það mál lá hjá saksóknara á annað ár vegna biðar eftir úrskurði um heilsufar manns, sem orðið hafði fyrir árás.

Norður-Múlasýsla, Seyðisfjarðarkaupstaður:

Dómssáttir:

| | |
|---|---|
| 1961 | 7 |
| 1962 | 12 |
| 1963 | 14 |
| 1964 | 53 |
| 1965 | 44 |
| Samtals | 130 |

Samkvæmt yfirliti sýslumanns lýkur öllum þorra þessara mála innan viku og þar af mjög mörgum samdægurs.

Neskaupstaður:

Dómssáttir:

| | |
|---|---|
| 1961 | 9 |
| 1962 | 26 |
| 1963 | 24 |
| 1964 | 31 |
| 1965 | 96 |
| Samtals | 186 |

Meðferð mála þessara hefur staðið frá fáeinum dögum í allt að 1½ ár.

Suður-Múlasýsla:

Upplýsingar skortir.

Skaftafellssýsla:

Dómssáttir:

| | |
|---|---|
| 1961–1963 | 24 |
| 1964–1965 | Upplýsingar skortir |

Ekki er getið um það, hversu langan tíma meðferð mála þessara hefur tekið.

Rangárvallasýsla:

Dómssáttir:

| | |
|---|---|
| 1961 | 69 |
| 1962 | 75 |
| 1963 | 55 |
| 1964 | 56 |
| 1965 | 30 |
| Samtals | 285 |

Afgreiðsla þessara mála hefur tekið frá komudegi til dómssáttardags 2—30 daga, í flestum tilvikum 2—9 daga.

Vestmannaeyjar:

Dómssáttir:

| | |
|---|---|
| 1961 | 194 |
| 1962 | 261 |
| 1963 | 237 |

| | |
|---|---|
| 1964 | 353 |
| 1965 | 378 |
| Samtals | 1423 |

Ekki er þess getið, hversu langan tíma meðferð mála þessara hefur staðið.

Árnessýsla:

Dómssáttir:

| | |
|---|---|
| 1961 | 80 |
| 1962 | 180 |
| 1963 | 127 |
| 1964 | 50 |
| 1965 | 71 |
| Samtals | 508 |

Ekki liggja fyrir upplýsingar um það, hversu langan tíma meðferð mála þessara hefur tekið.

Gullbringu- og Kjósarsýsla, Hafnarfjarðarkaupstaður.

Dómssáttir:

| | |
|---|---|
| 1961 | 552 |
| 1962 | 939 |
| 1963 | 698 |
| 1964 | 670 |
| 1965 | 975 |
| Samtals | 3834 |

Ekki er þess getið, hversu langan tíma meðferð mála þessara hefur tekið.

Lögreglusektir:

| | |
|---|---|
| 1964 | 94 |
| 1965 | 116 |
| Samtals | 210 |

Keflavíkurkaupstaður:

Dómssáttir:

| | |
|---|---|
| 1961 | 364 |
| 1962 | 168 |
| 1963 | 216 |
| 1964 | 284 |
| 1965 | 174 |
| Samtals | 1206 |

Skemmstur hugsanlegur tími á meðferð opinberra mála annarra en þeirra, sem lokið er með dómi, er, að þeim sé lokið í fyrsta þinghaldi með dómssátt, áminningu eða niðurfellingu sakar. Alla jafna dragast slík mál ekki lengur en 6 mánuði.

Lögreglusektir:

| | |
|---|---|
| 1964 | 296 |
| 1965 | 120 |
| Samtals | 416 |

Keflavíkurflugvöllur:

Dómssáttir:

| | |
|---|---|
| 1961 | 406 |
| 1962 | 457 |
| 1963 | 543 |
| 1964 | 185 |
| 1965 | 183 |
| Samtals | 1774 |

Ekki er þess getið, hversu langan tíma meðferð mála þessara hefur staðið.

Kópavogskaupstaður:

Dómssáttir:

| | |
|---|---|
| 1961 | 406 |
| 1962 | 457 |
| 1963 | 543 |
| 1964 / 1965 | 1213 |
| Samtals | 2619 |

Ekki er þess getið, hversu langan tíma meðferð mála þessara hefur staðið.

*B. Mál, sem lokið er með dómi.*

Um það, hversu langan tíma stendur meðferð þeirra opinberu mála, sem lokið hefur verið með dómi, skal vísað til taflna, sem hér eru birtar. Þarfnast þær væntanlega ekki neinna almennra skýringa, en rétt er þó að taka fram, að 1—2 mánuðir o. s. frv. merkir, að mál hefur staðið lengur en 1 mánuð, en skemur en 2, o. s. frv. Sama gildir um ár.

Skal nú vikið nokkrum orðum að hverri töflu fyrir sig:

*Tafla I.* Hún sýnir, hversu langan tíma málsmeðferð hefur staðið í hverju umdæmi fyrir sig. Fyrsta árið er sundurliðað eftir mánuðum, og er þeirri sundurliðun ætlað að veita hugmynd um það, hvernig málin skiptast á mánuði. Má af því nokkuð ráða, á hve löngum tíma málum lýkur skemmst. Þau mál, sem standa skemmst allra, þ. e. skemur en mánuð, eru einkum landhelgismál. Þar eru væntanlega einnig mörg þeirra mála, sem flutt hafa verið milli umdæma.

Af töflunni má og fá hugmynd um það, hversu mörg mál dæmd eru í hverju umdæmi.

*Tafla II.* Í þessari töflu eru mál flokkuð eftir árum, þ. e. hversu mörgum málum lýkur á skemmri tíma en ári (0—1 ár), 1—2 árum, o. s. frv., hvert þeirra ára sem athugun nær til (þ. e. áranna 1961—1965). Í fremra dálki er tilgreindur fjöldi mála hvert tímabil, en síðan hundraðshluti þeirra miðaður við heildarmálafjöldann ár hvert.

Þá eru í töflu þessari fyrst tilgreind þau mál, sem dæmd eru í Reykjavík (A), en síðan þau, sem dæmd eru í lögsagnarumdæmum utan Reykjavíkur (B). Loks er svo tiltekin heildartalan á landinu (C).

*Tafla III.* Hana ber að skoða með hliðsjón af og í framhaldi af töflu II, en þar er þeim málum, sem standa skemur en ár (3026 málum, eða 84.62% allra málanna) skipt eftir mánuðum.

*Tafla IV.* Rétt þótti að freista þess, að veita einhverja hugmynd um það, hvernig meðferð tiltekinna málaflokka væri háttað um tímalengd. Af ástæðum, sem þegar hafa verið tilgreindar, varð ekki af þessu, nema að óverulegu leyti.

Í töflu þessari eru tilgreindir 3 flokkar opinberra mála. Áfengis- og umferðar-

lagabrot, hegningarlagabrot, og svo önnur mál. Um fyrsta flokkinn, *áfengis- og umferðarlagabrot*, er það að segja, að í honum eru talin mál, þar sem *eingöngu* er um slík brot að ræða. Ef mál lýtur að áfengis- og umferðarlagabroti og einnig broti á öðrum lögum, er það ekki tilgreint í þessum flokki, heldur hinum, eftir því sem við á. Hér eru með öðrum orðum tiltekin þau mál ein, sem falla beint í þennan stóra málaflokk. Um *hegningarlagabrotin* er það að segja, að þar er um að ræða öll mál, þar sem brot varðar við ákvæði hegningarlaga, enda þótt einnig sé beitt ákvæðum annarra refsilaga, svo sem áfengis- og umferðarlaga. Um þriðja flokkinn, *önnur mál,* skal það tekið fram, að þar er um að ræða brot á ýmsum sérrefsilögum, t. d. umferðarlögum og áfengislögum, þegar þau brot fara ekki saman; þarna eru og talin fiskveiðibrot o. fl. þ. h.

Ef tekin er hundraðstala framangreindra flokka, er hún sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Áfengis- og umferðarlagabrot .............. | 65.76% |
| Hegningarlagabrot ......................... | 20.54% |
| Önnur brot ................................ | 13.70% |
| | 100.00% |

Þá var í bréfi dómsmálaráðuneytisins þess óskað, að grein væri gerð fyrir því, í hversu mörgum málum sakir fyrntust vegna dráttar á meðferð þeirra.

Um þetta bárust mjög ófullkomnar upplýsingar, og var það bagalegt, þar sem því er oft fleygt, að nokkur brögð séu að því, að sakir fyrnist vegna dráttar á málsmeðferð. Það, sem fyrir liggur um þetta atriði, sker engan veginn úr um það, hversu mikið kveði að fyrningum saka vegna greindra orsaka. Ummæli yfirsakadómara, sýslumanns Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógeta Akureyrar, svo og upplýsingar þær, sem fyrir liggja úr Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðarkaupstað, benda til þess, að nokkuð kveði að fyrningu saka í stærstu umdæmunum, en þó aðeins í minniháttar málum.

Skal þetta nú rakið eftir því sem vitneskja fékkst.

*Reykjavík (sakadómur):* Um fyrningu saka vegna dráttar á meðferð mála segir yfirsakadómari í bréfi 16. apríl 1966: „Að sjálfsögðu er reynt að láta sem fæstar kærur fyrnast en þær fjalla fyrst og fremst um ölvun á almannafæri og óheimila stöðu bifreiða. Slíkar kærur munu fyrnast í hundraða tali árlega.“

*Mýra- og Borgarfjarðarsýsla:* Engar upplýsingar.

*Akraneskaupstaður:* Þar er tekið fram um tímabilið 1964—1965, að engar sakir hafi fyrnzt.

*Snæfellsness- og Hnappadalssýsla:* Engar upplýsingar.

*Dalasýsla:* Tekið er fram um tímabilið 1964—1965, að engar sakir hafi fyrnzt.

*Barðastrandarsýsla:* Tekið er fram um tímabilið 1961—1965, að engar sakir hafi fyrnzt.

*Ísafjarðarsýsla, Ísafjarðarkaupstaður:* Tekið er fram um tímabilið 1961—1963, að sök hafi fyrnzt í 1 máli, en ekkert er tekið fram um tímabilið 1964—1965.

*Bolungarvík:* Tekið er fram um tímabilið 1961—1965, að sakir hafi ekki fyrnzt.

*Strandasýsla:* Ekkert opinbert mál.

*Húnavatnssýsla:* Engar upplýsingar.

*Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókskaupstaður:* Engar upplýsingar.

*Siglufjarðarkaupstaður:* Tekið er fram um tímabilið 1961—1963, að þá hafi sakir fyrnzt í 4 málum, en ekki í neinu máli 1964—1965.

*Ólafsfjarðarkaupstaður:* Engar upplýsingar.

*Eyjafjarðarsýsla, Akureyrarkaupstaður:* Um árin 1961—1963 er eftirfarandi tekið fram: „Um fyrningu saka er það helzt að segja, að kærur út af minniháttar afbrotum, svo sem kærur vegna ölvunar á almannafæri, minniháttar umferðabrot og því um líkt, falla stundum niður vegna þess að ekki næst til kærðu fyrr en þá svo seint, að ekki þykir fært að taka málið fyrir.

Mikið af skýrslum um bifreiðaárekstra eru afgreiddar með því að senda afrit lögregluskýrslna og uppdrátt til viðkomandi vátryggingafélaga.

Um fyrningu á sökum í alvarlegri málum eða málum, sem réttarrannsókn hefur yfirleitt verið hafin í, þótt minniháttar séu, er tæplega að ræða."

Um árin 1964—1965 er tekið fram, að engar sakir hafi fyrnzt.

*Þingeyjarsýsla, Húsavíkurkaupstaður:* Tekið er fram um tímabilið 1961—1965, að engar sakir hafi fyrnzt.

*Norður-Múlasýsla, Seyðisfjarðarkaupstaður:* Engar upplýsingar liggja fyrir um tímabilið 1961—1963, en hins vegar er tekið fram um árin 1964—1965, að engar sakir hafi fyrnzt.

*Neskaupstaður:* Engar upplýsingar.

*Suður-Múlasýsla:* Engar upplýsingar.

*Skaftafellssýsla:* Tekið er fram um tímabilið 1961—1963, að engar sakir hafi fyrnzt. Um tímabilið 1964—1965 liggja hins vegar ekki fyrir upplýsingar.

*Rangárvallasýsla:* Tekið er fram um tímabilið 1961—1963, að engar sakir hafi fyrnzt. Um tímabilið 1964—1965 liggja hins vegar ekki fyrir upplýsingar.

*Vestmannaeyjar:* Engar upplýsingar.

*Árnessýsla:* Engar upplýsingar.

*Gullbringu- og Kjósarsýsla, Hafnarfjarðarkaupstaður:* Um tímabilið 1961—1963 liggja ekki fyrir upplýsingar. Á árunum 1964—1965 hafa sakir fyrnzt í málum sem hér segir: 1964 41, 1965 60, samtals 101.

*Keflavíkurkaupstaður:* Tekið er fram, að sakir hafi engar fyrnzt tímabilið 1961—1965.

*Keflavíkurflugvöllur:* Tekið er fram um tímabilið 1961—1963, að sakir hafi engar fyrnzt, en upplýsingar liggja hins vegar ekki fyrir um tímabilið 1964—1965.

*Kópavogskaupstaður:* Tekið er fram um tímabilið 1961—1963, að sakir hafi engar fyrnzt; hins vegar liggja ekki fyrir upplýsingar um tímabilið 1964—1965.

## II. Einkamál.

### *A. Skriflega flutt.*

Vegna mikils og sívaxandi fjölda skriflega fluttra einkamála, einkum í Reykjavík, þótti ekki tiltækilegt að krefjast nákvæmra skýrslna um þau, en það hefði kostað mjög mikla vinnu að afla gagna til slíkrar skýrslugerðar. Bar það einnig til, að ekki hafa komið fram neinar kvartanir vegna dráttar á meðferð þeirra — a. m. k. ekki svo að orð sé á gerandi. Þær athuganir, sem gerðar voru í könnunarskyni, sýndu, að öllum þorra mála þessara lýkur á skemmri tíma en mánuði.

Hér fer á eftir yfirlit um málafjöldann:

| | |
|---|---|
| Reykjavík, borgardómaraembætti: | |
| 1961 | 1792 |
| 1962 | 1995 |
| 1963 | 2123 |
| 1964 | 2543 |
| 1965 | 3240 |
| Samtals | 11693 |
| Mýra- og Borgarfjarðarsýsla: | |
| 1961 | 2 |
| 1962 | 2 |
| 1963 | 2 |
| 1964 | 3 |
| 1965 | 3 |
| Samtals | 12 |
| Akraneskaupstaður: | |
| 1961 | 17 |
| 1962 | 23 |
| 1963 | 15 |
| 1964 | 20 |
| 1965 | 51 |
| Samtals | 126 |

Dalasýsla: Ekkert mál.

Snæfellsness- og Hnappadalssýsla:

| | |
|---|---|
| 1961 | 10 |
| 1962 | 5 |
| 1963 | 2 |
| 1964 | 12 |
| 1965 | 1 |
| Samtals | 30 |

Barðastrandarsýsla:

| | |
|---|---|
| 1961 | 3 |
| 1962 | 0 |
| 1963 | 2 |
| 1964 | 4 |
| 1965 | 0 |
| Samtals | 9 |

Ísafjarðarsýsla, Ísafjarðarkaupstaður:

| | |
|---|---|
| 1961 | 9 |
| 1962 | 16 |
| 1963 | 16 |
| 1964 | 20 |
| 1965 | 19 |
| Samtals | 80 |

Bolungarvík: Ekkert mál.

Strandasýsla: Ekkert mál.

Húnavatnsssýsla:

| | |
|---|---|
| 1961 | 1 |
| 1962 | 2 |
| 1963 | 6 |
| 1964 | 4 |
| 1965 | 2 |
| Samtals | 15 |

Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókskaupstaður:

| | |
|---|---|
| 1961 | 2 |
| 1962 | 14 |
| 1963 | 52 |
| 1964 | 24 |
| 1965 | 11 |
| Samtals | 105 |

Siglufjarðarkaupstaður:

| | |
|---|---|
| 1961 | 14 |
| 1962 | 10 |
| 1963 | 6 |
| 1964 | 10 |
| 1965 | 5 |
| Samtals | 45 |

Ólafsfjarðarkaupstaður:

| | |
|---|---|
| 1961 | 0 |
| 1962 | 0 |
| 1963 | 2 |
| 1964 | 0 |
| 1965 | 8 |
| Samtals | 10 |

Eyjafjarðarsýsla, Akureyrarkaupstaður:

| | |
|---|---|
| 1961 | 21 |
| 1962 | 18 |
| 1963 | 36 |
| 1964 | 45 |
| 1965 | 33 |
| Samtals | 153 |
| | + 4 óviss. |

Þingeyjarsýsla, Húsavíkurkaupstaður:

| | |
|---|---|
| 1961 | 0 |
| 1962 | 0 |
| 1963 | 4 |
| 1964 | 0 |
| 1965 | 2 |
| Samtals | 6 |

Norður-Múlasýsla, Seyðisfjarðarkaupstaður:

| | |
|---|---|
| 1961 | 1 |
| 1962 | 1 |
| 1963 | 1 |
| 1964 | 2 |
| 1965 | 1 |
| Samtals | 6 |

Neskaupstaður:

| | |
|---|---|
| 1961 | 4 |
| 1962 | 2 |
| 1963 | 2 |
| 1964 | 8 |
| 1965 | 9 |
| Samtals | 25 |

Suður-Múlasýsla:

| | |
|---|---|
| 1961 | 4 |
| 1962 | 8 |
| 1963 | 2 |
| 1964 | 15 |
| 1965 | 12 |
| Samtals | 41 |

Skaftafellssýsla: Ekkert mál.

Rangárvallasýsla:

| | |
|---|---|
| 1961 | 0 |
| 1962 | 0 |
| 1963 | 0 |
| 1964 | 3 |
| 1965 | 1 |
| Samtals | 4 |

Vestmannaeyjar:

| | |
|---|---|
| 1961 | 66 |
| 1962 | 35 |
| 1963 | 78 |
| 1964 | 62 |
| 1965 | 54 |
| Samtals | 295 |

Árnessýsla:

| | |
|---|---|
| 1961 | 6 |
| 1962 | 4 |
| 1963 | 4 |
| 1964 | 18 |
| 1965 | 11 |
| Samtals | 43 |

Gullbringu- og Kjósarsýsla, Hafnarfjarðarkaupstaður:

| | |
|---|---|
| 1961 | 145 |
| 1962 | 136 |
| 1963 | 148 |
| 1964 | 227 |
| 1965 | 247 |
| Samtals | 903 |

Keflavíkurkaupstaður:

| | |
|---|---|
| 1961 | 30 |
| 1962 | 38 |
| 1963 | 77 |
| 1964 | 77 |
| 1965 | 114 |
| Samtals | 336 |

Keflavíkurflugvöllur:

| | |
|---|---|
| 1961 | 0 |
| 1962 | 0 |
| 1963 | 0 |
| 1964 | 0 |
| 1965 | 1 |
| Samtals | 1 |

Kópavogskaupstaður:

| | |
|---|---|
| 1961 | 22 |
| 1962 | 52 |
| 1963 | 36 |
| 1964 | 43 |
| 1965 | 37 |
| Samtals | 190 |

### *B. Munnlega flutt.*

Um meðferð þeirra skal vísað til meðfylgjandi taflna.

*Tafla V.* Hún sýnir, hversu langan tíma málsmeðferð hefur staðið í hverju umdæmi fyrir sig. Má annars vísa til þess, sem segir hér að framan um hliðstæða töflu um opinberu málin (töflu I).

*Tafla VI.* Í þessari töflu eru mál flokkuð eftir árum alveg hliðstætt því, sem gert er í töflu II. Er í fremri dálkinum tilgreind tala málanna en í aftari dálki hundraðshluti þeirra, sem miðaður er við heildar málafjöldann.

Einkamálin eru tilgreind sérstaklega fyrir Reykjavík og sérstaklega fyrir lögsagnarumdæmi utan Reykjavíkur. Er leitazt við að hafa skiptinguna þannig, að sem beztar hliðstæður fáist, og er því málum utan Reykjavíkur skipt í samræmi við skiptinguna í Reykjavík, eftir því sem unnt reyndist.

*Tafla VII.* Hana ber að skoða í sambandi við töflu VI, en þar er þeim 612 einkamálum eða 43.81% einkamálanna, sem standa skemur en ár, skipt á mánuði.

Þess skal getið, að kjörskrármálum er sleppt úr töflunni. Koma þau einungis fram á vissum tímabilum, þ. e. fyrir kosningar, og er meðferð þeirra á allan hátt mjög sérstæð.

## III. Fógetagerðir, uppboð, skipti.

Hér fengust engan veginn þær upplýsingar, sem æskilegt hefði verið. Stuttlega skal þó gerð grein fyrir því sem fram hefur komið um þessa málaflokka.

Leitazt var við að gera töflu um fjárnám, þannig að fram kæmi, hversu langur tími liði frá því, að mál bærist embætti og þar til því lyki. Um þetta tókst ekki að afla upplýsinga, nema að nokkru leyti, þar sem hjá mörgum embættum lá vitneskja ekki fyrir um það, hvenær mál hafði borizt embætti, og hefði því taflan einungis getað orðið mjög brotakennd.

Þess má þó geta, að hjá borgarfógetaembættinu í Reykjavík lítur taflan svo út tímabilið 1961—1963:

| Mánuðir | | | | | | | | | | | | Ár | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 0-1 | 1-2 | 2-3 | 3-4 | 4-5 | 5-6 | 6-7 | 7-8 | 8-9 | 9-10 | 10-11 | 11-12 | 0-1 | 1-2 |
| 2194 | 311 | 150 | 94 | 40 | 23 | 20 | 25 | 5 | 7 | 4 | 1 | 2874 | 4 |

Er hér miðað við tímalengdina frá því að mál berst embætti og þangað til því lýkur. Um 304 fjárnám á þessu sama tímabili tókst ekki að fá vitneskju. Bendir þetta til þess, að öllum þorra fjárnáma ljúki innan mánaðar frá því að þau berast embættinu, og sama niðurstaða verður dregin af þeim athugunum, sem fram hefur farið á gangi þessara mála við önnur embætti.

Um skipti og uppboð er það að segja, að þar fengust ófullnægjandi upplýsingar um þessi efni hjá borgarfógetaembættinu í Reykjavík. Er því ekki hægt að gera frekari grein fyrir þessum málaflokkum.

Þeir héraðsdómarar, sem viku að uppboðum, töldu drátt á þeim stafa af frestbeiðnum aðila, einkum uppboðsbeiðenda, eins og fram kemur í svörum nokkurra þeirra.

Ekki þótti ástæða til að fá skýrslur um löghöld eða kyrrsetningu né heldur lögbann, þar sem gerðir þessar eðli sínu samkvæmt hljóta að ganga skjótt fyrir sig. Sama má segja um útburðar- og innsetningargerðir. Um lögtök þótti ekki fært að æskja skýrslna vegna fjölda þeirra.

Þá var þess óskað í bréfi dómsmálaráðuneytis, að tekið yrði saman yfirlit um fjölda mála tveggja ára og eldri, sem ólokið hafði verið í árslok 1965.

Fara hér á eftir þær upplýsingar, sem fengust:

*Reykjavík (sakadómaraembætti):* 1 mál.
*Reykjavík (borgardómaraembætti):*
Bæjarþing:

| Þingfestingarár | Gagnasöfnun lokið | Gagnasöfnun ekki lokið | Samtals | |
|---|---|---|---|---|
| 1958 | 6 | | 6 | |
| 1959 | 56 | | 56 | |
| 1960 | 14 | | 14 | |
| 1961 | 21 | | 21 | |
| 1962 | 32 | 8 | 40 | |
| 1963 | 46 | 26 | 72 | |
| Samtals | 175 | 34 | 209 | 209 |

Sjó- og verzlunardómur:

| Þingfestingarár | Gagnasöfnun lokið | Gagnasöfnun ekki lokið | Samtals | |
|---|---|---|---|---|
| 1960 .............................. | 3 | | 3 | |
| 1961 .............................. | 1 | 1 | 2 | |
| 1962 .............................. | 4 | 3 | 7 | |
| 1963 .............................. | 4 | 5 | 9 | |
| Samtals | 12 | 9 | 21 | 21 |
| Ódæmd mál tveggja ára og eldri í árslok 1965 | | | | 230 |

Óvíst um 20 mál.

*Reykjavík (borgarfógetaembætti):* Engar upplýsingar.
*Mýra- og Borgarfjarðarsýsla:* Engar upplýsingar.
*Akraneskaupstaður:* Engin mál.
*Dalasýsla:* Engin mál.
*Snæfellsness- og Hnappadalssýsla:* Engar upplýsingar.
*Barðastrandarsýsla:* Engar upplýsingar.
*Ísafjarðarsýsla, Ísafjarðarkaupstaður:* 1 sakamál.
*Bolungarvík:* Engar upplýsingar.
*Strandasýsla:* Engin mál.
*Húnavatnssýla:* Engar upplýsingar.
*Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókskaupstaður:* Engar upplýsingar.
*Siglufjarðarkaupstaður:* 7 sjó- og verzlunardómsmál (öll eins), 2 bæjarþingsmál.
*Ólafsfjarðarkaupstaður:* Engar upplýsingar.
*Eyjafjarðarsýsla, Akureyrarkaupstaður:* Engin mál.
*Þingeyjarsýsla, Húsavíkurkaupstaður:* Engin mál.
*Norður-Múlasýsla, Seyðisfjarðarkaupstaður:* 1 sakamál.
*Neskaupstaður:* Engin mál.
*Suður-Múlasýsla:* Engar upplýsingar.
*Skaftafellssýsla:* Engar upplýsingar.
*Rangárvallasýsla:* Engar upplýsingar.
*Vestmannaeyjar:* Engar upplýsingar.
*Árnessýsla:* Engar upplýsingar.
*Gullbringu- og Kjósarsýsla, Hafnarfjarðarkaupstaður:* 1 sakamál.
*Keflavíkurkaupstaður:* Engar upplýsingar.
*Keflavíkurflugvöllur:* Engin mál.
*Kópavogskaupstaður:* Engin mál.

## II. KAFLI

Í lok bréfs ráðuneytisins var óskað greinargerðar um það, hverjar væru helztu orsakir fyrir drætti á meðferð dómsmála og jafnframt var óskað tillagna um breytta löggjöf, ef þurfa þætti — eða framkvæmdaatriði, er stuðlað gætu að skjótari meðferð mála.

Hér á eftir er það tekið upp úr bréfum þeirra, er álits voru spurðir, sem að þessu lýtur, en þess ber þó að gæta, að ekki tóku allir afstöðu til málsins.

Til hægðarauka skal gefið yfirlit um það helzta, sem fram kom um þessi atriði, en síðan eru birtir bréfakaflar, sem þar um fjalla.

### *1. Almennt um meðferð mála, bæði einkamála og opinberra mála.*

A. Vöntun á starfsliði er atriði, sem velflestir víkja að, og er þá bæði átt við löglærða fulltrúa og skrifstofulið. Til úrbóta er helzt bent á, að bæta þurfi launakjör starfsfólks.

B. Léleg aðstaða, svo sem óhentugt húsnæði. Að því er vikið í bréfi yfirborgardómarans í Reykjavík.

C. Ófullnægjandi tækjaútbúnaður og úrelt vinnubrögð. Er bent á meiri vélvæðingu og vinnuhagræðingu til úrbóta á þessu sviði bæði í bréfi yfirborgardómarans og yfirsakadómarans í Reykjavík.

D. Að dómsstörf séu aðeins lítill hluti af störfum dómenda. Benda þeir á þetta sýslumaður Húnavatnssýlu, sýslumaður Skagafjarðarsýslu og bæjarfógeti Ólafsfjarðar, en þetta á að sjálfsögðu aðeins við um embættin utan Reykjavíkur.

E. Sérstakir erfiðleikar á samgöngum í sýslum, sbr. það sem sýslumaður Skaftafellssýslu segir um þetta efni, svo og ummæli sýslumanns Barðastrandarsýslu og fulltrúa sýslumanns Suður-Múlasýslu.

F. Örðugleikar á að ná til aðila, vitna og lögmanna, sbr. m. a. bréf lagadeildar Háskólans.

G. Um úrræði til bóta má vísa til þess, sem greinir hér á eftir, þegar fjallað er um hvorn málaflokkinn um sig, einkamál og opinber mál. Hér skal þó getið tillögu í bréfi lagadeildar Háskólans, sem er á þá leið, að skipuð verði föst nefnd, sem hafa skuli vakandi auga með framkvæmd réttarfars, fylgjast með nýjungum og gera tillögur til úrbóta.

### 2. *Um opinber mál sérstaklega.*

A. Breytt löggjöf.

Yfirsakadómarinn í Reykjavík gerir ýmsar tillögur um breytta löggjöf og skal hér talið það helzta, sem kemur fram hjá honum.

a) Aðskilnaður rannsóknarvalds og dómsvalds.

b) Að unnt verði að ljúka fleiri málum með dómssátt. Sú tillaga kemur einnig fram hjá sýslumanni Dalasýslu.

c) Að unnt eigi að vera að ljúka fleiri málum með lögreglusektum. Þá tillögu gerir einnig saksóknari ríkisins.

d) Gera eigi meðferð mála, þar sem játning sökunauts liggi fyrir, einfaldari.

e) Að gera eigi meðferð verðlagsmála einfaldari.

B. Breytt framkvæmdaatriði.

a) Að koma þurfi boðun sökunauts og vitna í betra horf, en mjög tefji það mál, hversu erfitt sé að ná til þeirra. Að þessu atriði víkja yfirsakadómarinn í Reykjavík, saksóknari ríkisins, settur bæjarfógeti á Siglufirði og sýslumaður Barðastrandarsýslu.

b) Að efla þurfi rannsóknarlögreglu. Þetta kemur fram hjá yfirsakadómara í Reykjavík og bæjarfógeta Akureyrar.

c) Að koma þurfi í betra horf bókhaldsrannsóknum í sambandi við sakamál, svo sem með því að ráða löggiltan endurskoðanda (eða endurskoðendur) í þjónustu ríkisins. Að þessu víkur einkum saksóknari ríkisins, sbr. einnig bréf yfirsakadómara og lagadeildar Háskólans.

### 3. *Um einkamál sérstaklega.*

A. Breytt löggjöf.

Fáir aðrir en yfirborgardómarinn í Reykjavík víkja að atriðum, sem lúta að breyttri löggjöf. Hann telur:

a) Að til bóta yrði að lögfesta frumvarp það til laga um meðferð einkamála í héraði, sem án árangurs hefur verið lagt fyrir Alþingi, en ekki fengið afgreiðslu þar.

b) Að dómsmálaskipunina í heild þurfi að endurskoða, þ. á m. embættaskipunina í Reykjavík. Að þessu atriði er einnig vikið í bréfi lagadeildar Háskólans og einnig gerir það sýslumaður Húnavatnssýslu, en hann telur, að til athugunar væri að taka dómarastarfið að nokkru frá starfi sýslumanna.

c) Yfirborgardómari bendir og á, að lagabreytingu mundi þurfa, ef taka ætti upp vitna- og aðilaskýrslur vélrænt eða vélrita ætti jafnóðum framburði í þinghaldi.

B. Framkvæmdaatriði.

a) Skipulagsbreytingar innan embætta. Er einkum að þessu vikið, þar sem um borgardómaraembættið í Reykjavík er fjallað, sbr. það, sem fram kemur hjá yfirborgardómara, í bréfi Lögmannafélags Íslands og í framhaldi af greinargerð þess hjá Vagni E. Jónssyni hrl. Það, sem einkum virðist valda töfum á málum hjá því embætti, er, hversu seint dómari sá, sem dæma á, fær málið í sínar hendur. Þyrftu því skipulagsbreytingar að miða að því, að dómari sá, sem dæmir, fengi hvert mál fyrr í hendur.

b) Þá er undirbúningi aðila og lögmanna þeirra alláfátt og valdi það töfum á málum, en af því leiði, að þeir æski endurtekinna fresta. Kemur þetta fram m. a. hjá yfirborgardómaranum í Reykjavík, í bréfi lagadeildar Háskólans og ýmsum fleirum.

c) Bent er loks á mikla málamergð og sívaxandi málafjölda, sbr. þar einkum það, sem kemur fram hjá yfirborgardómaranum í Reykjavík, svo og skýrslur þær, sem hér eru birtar.

Hér fara loks á eftir kaflar úr bréfum þeirra aðila, sem gerðu grein fyrir því, hverjar væru helztu orsakir fyrir drætti á meðferð dómsmála og gerðu tillögur um breytta löggjöf eða framkvæmdaatriði, sem stuðlað gætu að skjótari meðferð mála.

*Hæstiréttur Íslands.*

Bréf Þórðar Eyjólfssonar forseta Hæstaréttar, dagsett 21. okt. 1964, hljóðar svo:

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur með bréfi, dags. 1. júlí 1964, sent Hæstarétti afrit af þingsályktun, er samþykkt var á Alþingi 13. maí 1964, um ráðstafanir til að hraða meðferð dómsmála. Æskir ráðuneytið álitsgerðar Hæstaréttar um það, hverjar ráðstafanir yrðu taldar bezt til þess fallnar að ná því markmiði, sem þingsályktunin beinist að.

Um málefni þetta vill Hæstiréttur taka eftirfarandi fram:

1. Hæstiréttur telur ekki ástæðu til að ræða tímabilið frá því að máli er stefnt til héraðsdóms og þar til dómur gengur í héraði, þar sem héraðsdómarar munu gefa álitsgerðir um þann þátt málsmeðferðar.

2. Um tímabilið frá því að áfrýjunarstefna til Hæstaréttar er út tekin og þar til lögmenn hafa skilað Hæstarétti ágripi og greinargerðum, þannig að mál sé hæft til flutnings þar, sbr. III. kafla laga nr. 57/1962, er þetta að segja:

Með greindum lögum nr. 57/1962, um Hæstarétt Íslands, voru sett ýmis nýmæli, sem eiga að stuðla að greiðari og hraðari málsmeðferð en áður tíðkaðist á því stigi máls, sem hér ræðir um. Skal þar sérstaklega vísað til 41. gr. laganna um fresti. Ákvæði þessi munu stuðla að hraðari rekstri dómsmála fyrir Hæstarétti. En algert skilyrði þess, að unnt sé að beita ákvæðum 41. gr. um stutta fresti, er það, að afgreiðsla dómsgerða í héraði fari fram án tafar, þegar þess er æskt vegna áfrýjunar málsins.

3. Eftir að Hæstarétti hafa borizt ágrip og greinargerðir, þannig að málin séu tilbúin til flutnings, er ekki og hefur aldrei verið um neinn drátt á þeim að ræða, en málflutningur ákveðinn með hæfilegum fyrirvara, sbr. 47. gr. laga nr. 57/1962.

*Yfirborgardómarinn í Reykjavík.*

Úr bréfi Hákonar Guðmundssonar yfirborgardómara, dags. 24. maí 1965:

Skal þá vikið að einstökum orsökum, er valda hæggengari afgreiðslu dómsmála en æskilegt er.

Málafjöldinn.

Eins og meðfylgjandi línurit (Fylgiskjal A) og yfirlitsskýrslur (Fylgiskjal B) sýna, vex fjöldi þingfestra mála við þetta embætti jafnt og þétt. Nægir þar t. d. að benda á það, að árið 1957 eru þingfest 1511 bæjarþings- og sjódómsmál, en 1960 2397 mál. Árið 1962 er fjöldi sömu mála 3206, og árið 1964 4077.[1]) Hefur tala þingfestra mála þannig aukizt með jöfnum stíganda frá árinu 1957. Í þessari tölu eru þó hvorki tekin með hjónaskilnaðarmál, sveitfestismál, sjópróf, matsmál, né sérstök vitnamál, sem hér koma til afgreiðslu.

Tala dæmdra mála sömu ár er þessi: Árið 1957 838, árið 1960 1618, árið 1962 1949 og árið 1964 2736.[2]) Auk þessa eru sætt og hafin mörg mál og sýnir skýrslan tölu þeirra frá og með árinu 1961. Samtala óafgreiddra dómsmála var 1. jan. 1965 alls 942 og sýnir meðfylgjandi skýrsla hvernig þau skipast á ár: Frá árinu 1959 62 mál, 1960 36 mál, 1961 39 mál, 1962 112 mál, 1963 175 mál, 1964 518 mál. Alls 942 mál.

Frá árinu 1955 hafa þessar breytingar orðið á fjölda starfsliðs við embættið:

Árið 1958 var bætt við einum fulltrúa, en staða aðstoðarmanns lögð niður. Í ársbyrjun 1962 bættist annar fulltrúi við og nú frá 1. júní þ. á. fjölgar fulltrúum um einn. Á tölu ritara hafa hins vegar orðið þær breytingar einar um árabil, að þeim fjölgaði um einn á árinu 1963. Er ritarafæðin nú orðin til trafala fyrir afgreiðslu dóma og endurrita, því aukinn fjöldi dómsmála samfara fjölgun fulltrúa eða dómara leiðir beint til þess, að vélritun öll eykst sem því svarar, enda eru vélritarar hér jafnframt dómritarar. Lögð hefur verið áherzla á það, að dómsafrit væru til stuttu eftir að dómar eru kveðnir upp. Þetta hefur, vegna skorts á riturum, leitt til þess, að afritun vitna- og aðiljaskýrslna fyrir dómi til afnota við munnlegan flutning máls dregst stundum um of á langinn og veldur einatt töfum á því, að munnlegur málflutningur geti farið fram. Á þessu mætti ráða bót með tvennum hætti: 1) fjölgun ritara og 2) meiri véltækni. Þannig mætti spara bæði vinnu og tíma með því, að vitnaleiðslur og aðiljaskýrslur væru vélritaðar strax á dómþingi, í stað þess, að handskrifa þær fyrst í þingbækur, eins og nú tíðkast. Ef slík vélritun væri upp tekin væru endurrit tilbúin í lok þinghalds í stað þess sem nú er, að ritarinn situr í dómi og færir til bókar eftir fyrirsögn dómara og eyðir svo álíka löngum tíma til afritunar síðar. Að sjálfsögðu þarf mjög leikna vélritara, ef þessi háttur væri upp tekinn. En gæta ber þess, að þýðingarlaust er að gera ráð fyrir því, að hæfir ritarar fáist, nema hægt væri að a. m. kosti bjóða upp á kjör, er eigi væru lakari en samkvæmt 9. núverandi launaflokki.

Mjög er það og til álita, að taka vitnaleiðslur upp á talvél eða annað slíkt vélrænt tæki. Mundi það geta leitt til mikils tímasparnaðar, að því er lengd þinghalds varðar, auk þess sem vitna- og aðiljaskýrslur gæfu þá sannari og raunverulegri mynd af skýrslugjöfinni. En vélritarar mundu því næst rita eftir hljóðbandi. Þar sem einkamálalögin nr. 85/1936 gera ekki ráð fyrir slíkri tilhögun, er lagabreyting væntalega nauðsynleg, vegna breytinga sem þá yrðu á formi þingbóka.

Um þetta er þó reyndar nærri tómt mál að tala, meðan embættið býr við núverandi húsnæði. Gætir þess og á öðrum sviðum, að ekki er hægt að koma við nauðsynlegum endurbótum á starfsskipulagi og vinnuhagræðingu vegna óþénugs og ófullnægjandi húsakosts. Er ekki ofmælt, þótt sagt sé, að stofur þær, sem nota verður til þinghalda, séu langt fyrir neðan það, sem frambærilegt getur talizt og loku fyrir það skotið, að þinghöld í þeim fái þann blæ, sem dómþing eiga að hafa.

Af öðrum atriðum, er valda drætti á meðferð dómsmála, skal þetta talið:

1. Dráttur á meðferð máls þar til gagnaöflun lýkur.
2. Dráttur frá því gagnaöflun er lokið og þar til dómur gengur.

Um 1. Þessi dráttur stafar fyrst og fremst af vinnubrögðum málflytjenda,

1) 1965 eru þingfestingar 4551.
2) 1965 eru dæmd mál 3430.

þar sem þeir með samkomulagi sín á milli fá frest á frest ofan. Þessir frestir eru oft á tíðum óhæfilega margir og algerlega þarflausir. Hér ætti dómarinn að vísu að geta orkað til aðhalds að þessu leyti. En með því fyrirkomulagi, sem nú tíðkast, að dómari sá, er málið dæmir, fær það eigi í sínar hendur fyrr en gagnaöflun telst vera lokið, verður slíku aðhaldi illa beitt, sérstaklega þó vegna hinnar miklu málamergðar, sem fyrir er tekin í hverju þinghaldi. Úr þessu mætti ef til vill bæta með breyttu skipulagi, þannig að dómari sá, er dæma skal, fengi málið til meðferðar t. d. strax og stefndi hefur skilað greinargerð og sýnt er, að málið verður flutt munnlega. Hið ófullnægjandi húsnæði embættisins mundi þó verða verulegur Þrándur í Götu slíks fyrirkomulags.

Um 2. Málum er nú skipt milli dómenda, þegar gagnaöflun er lokið. Alltítt er, að dómarinn telji þá, að gagnaöflun sé áfátt. Hefst þá framhaldsgagnaöflun að hans tilhlutan, með nýjum töfum á afgreiðslu málsins. Slíkir ágallar stafa jafnaðarlegast af handahófskenndum málatilbúnaði málflytjenda. Komast mætti hjá ýmiss konar drætti af þessum sökum, ef dómarinn hefði haft aðstöðu til þess að fylgjast fyrr og betur með málatilbúnaðinum, og þá strax getað beitt áhrifum sínum á gang máls og meðferð þess.

Í annan stað stafar dráttur á þessu stigi af því, að fjöldi munnlega fluttra mála er það mikill, að dómarar hafa ekki undan og hafa af þessum sökum safnazt fyrir mál á undanförnum árum, eins og línuritið ber með sér. Úr þessu mætti að líkindum nokkuð bæta með meiri tækni og vélvæðingu í skrifstofubúnaði, samfara bættri starfsaðstöðu.

Er því tvímælalaust heppilegra að leggja meiri áherzlu á góða nýtingu starfskrafta með tiltækum hjálpargögnum heldur en fjölga starfsfólki.

Ég hef hér drepið á nokkur atriði, er miklu máli skipta um greiða og hraða afgreiðslu dómsmála. Sitt hvað fleira mætti taka fram, er máli getur skipt, en verður ekki gert að sinni.

En þrátt fyrir ýmsa embættislega ágalla, sem hægt á að vera að bæta úr, verður þó *vandaður málatilbúnaður og málflutningur af hálfu málflyjenda* höfuðatriðið.

Ég tel, að frumvarp það til laga um meðferð einkamála í héraði, sem án árangurs hefur verið lagt fyrir Alþingi, og eigi fengið afgreiðslu þar, sé spor í rétta átt og til bóta, ef að lögum yrði, enda væri dómstólum landsins fengin nauðsynleg starfsaðstaða til þess að framfylgja ákvæðum þess.

Þá virðist mér í þessu sambandi mjög til athugunar, hvort ekki sé ástæða til þess að taka skipun dómsmála í heild hér á landi til endurskoðunar og þá einnig menntun og þjálfun þeirra manna, sem ætla sér að gera dómarastörf að ævistarfi. Ég nefni sem dæmi, að eins og skipting dómsstarfa er nú hér í Reykjavík, er hætt við því, að ungir menn, sem ráðast til starfa við borgardómara-, borgarfógeta- eða sakadómaraembættin, sitji þar alla ævi. Þjálfun þeirra verður því einhæfari en heppilegt er. Ungir lögfræðingar, sem ganga ætla embættisveginn, t. d. sem dómarar, þyrftu að eiga þess kost, að flytjast á milli þessara embætta á tveggja eða þriggja ára fresti, áður en þeir að lokum hafna í föstu dómarasæti. Væri í sambandi við athugun þessa atriðis vert að gefa því nánar gætur, hvort sú embættaskipting, sem komizt hefur á hér í Reykjavík, sé að öllu leyti heppileg eða æskileg.

Þá væri það og án efa gagnlegt, að dómarar ættu kost á orlofi öðru hvoru til þess að kynna sér um skeið dómstörf og rekstur dómaraembætta í nálægum löndum með líku réttarfarskerfi.

Eins og áður er að vikið koma mörg atriði til álita, þegar rætt er um endurbætur á réttarfarslöggjöfinni og framkvæmd hennar, þó ekki verði nú af minni hálfu fleira rakið. En að sjálfsögðu er ég fús til viðræðna við háttvirt ráðuneyti um hvert það atriði, sem leitt gæti til umbóta á starfrækslu borgardómaraembættisins og greiðari gangs þeirra mála, sem undir starfssvið þess falla.

**Fylgiskjal A.**

*Línurit um þingfest mál og dæmd árin 1957—1964 og sætt mál og hafin 1961—1964.*



**Fylgiskjal B.**

Afgreiðsla á bæjarþingsmálum, sjó- og verzlunardómsmálum og merkjadómsmálum, sem borgardómaraembættið í Reykjavík hefur fengið til meðferðar árin 1957—1964[1]) að báðum meðtöldum.

Árið 1957: Þingfest mál 1511. Dæmd 838.
Árið 1958: Þingfest mál 1692. Dæmd 940.
Árið 1959: Þingfest mál 2085. Dæmd 1102.
Árið 1960: Þingfest mál 2397. Dæmd 1618.
Árið 1961: Þingfest mál 2946.

| | |
|---|---|
| Dæmd | 1949 |
| Sætt | 547 |
| Hafin | 306 |
| | 2802 |

Árið 1962: Þingfest mál 3206.

| | |
|---|---|
| Dæmd | 2140 |
| Sætt | 518 |
| Hafin | 408 |
| | 3066 |

Árið 1963: Þingfest mál 3430.

| | |
|---|---|
| Dæmd | 2293 |
| Sætt | 605 |
| Hafin | 358 |
| | 3256 |

Árið 1964: Þingfest mál 4077.

| | |
|---|---|
| Dæmd | 2739 |
| Sætt | 588 |
| Hafin | 408 |
| | 3735 |

*Yfirsakadómarinn í Reykjavík.*

Úr bréfi Þórðar Björnssonar yfirsakadómara, dags. 12. febr. 1965:

Þegar meta skal hversu langan tíma rekstur opinberra mála tekur hér á landi, verður að hafa í huga hið aldagamla réttarfar. Allar götur síðan réttarfar Jónsbókar var lögtekið fyrir nærfellt 7 öldum hefur hvílt á herðum dómara rannsókn brota og meðferð refsimála þegar frá upphafi vega hverju sinni. Brot hafa jafnan verið kærð til hans. Hann hefur rannsakað þau frá rótum í dómi, yfirheyrt sakborninga, grunaða og vitni og safnað saman sönnunargögnum. Á allra seinustu árum hefur dómari þó haft lögreglumenn, einkum hér í Reykjavík, sér til aðstoðar við fyrstu rannsókn í sumum málum en þó verður að segja að enn sé það einkenni á meðferð brotamála hér á landi að hún er framkvæmd af dómara og í dómi.

Þessi meðferð mála er fyrir þó nokkuð löngu niður lögð í nágrannaríkjum okkar. Þar hefur lögregluvald og dómsvald verið aðskilið. Þar er rannsóknar- og ákæruvaldið í höndum lögreglu og saksóknara. Þessir aðilar rannsaka brot sjálfstætt á fyrsta stigi og safna saman sönnunargögnum. Þá fyrst þegar lögreglan í smærri

1) Fyrir árið 1965 eru samsvarandi tölur: Þingfest mál 4551. Dæmd mál voru 3430, sætt 652 og hafin 490, eða samtals afgreidd mál 4572.

málum og saksóknari í hinum stærri telur að tekizt hafi að afla svo fullkominna sannana á hendur manni að nægi til sakfellingar hans, er hann ákærður fyrir dómstóli.

Sönnunargögnin eru þá leidd fram fyrir dóminn, sem staðreynir þau og metur.

Þessi mikli munur á rannsókn brota hér á landi og í nágrannaríkjum veldur því, að þar getur mál verið mánuðum og jafnvel árum saman á rannsóknarstigi hjá lögreglu og saksóknara áður en það fer til dómstóla, en hér myndi sams konar mál alla jafnan sæta dómsmeðferð frá upphafi.

Einnig getur umfangsmikil rannsókn sakarefnis fyrir dómi hér lyktað á þann veg, að mál er alls ekki höfðað, en í nágrannaríkjum myndi slíkt sakarefni ekki koma til dómstóls. — Það er því útilokað að bera saman tímalengd dómsmeðferðar opinberra mála hér og þar.

En hvort sem rekstur opinberra mála hér á landi er borinn saman við það, sem er í nágrannaríkjum eða ekki, verður hið sama uppi á teningnum, að mikill seinagangur er á meðferð mála hér. Kemur hér margt til, en að mínu áliti einkum það, að gildandi réttarfarsreglur eiga ekki alltaf við þjóðlíf vort og þjóðfélagshættu í dag. Úreltar réttarfarsreglur og að mörgu leyti erfið aðstaða dómenda við starf sitt, gerir það nær ókleift að hafa nægilegan hraða á rekstri dómsmála.

Vil ég nú víkja nánar að nokkrum atriðum, sem ég tel að valdi drætti á meðferð opinberra mála, og miða þá við sakdóm Reykjavíkur, en jafnframt vil ég leitast við að benda á atriði og gera tillögur, sem gætu aukið hraða mála.

1. Ef dómur gengur í máli verður að gæta margra og oft margbrotinna réttarreglna, t. d. kveðja oft sökunaut margsinnis fyrir dóm, yfirheyra og heitfesta öll möguleg vitni, semja ákæru og birta hana, senda málsgögn til verjanda o. s. frv. Ef máli lýkur hins vegar með dómsátt er margt af þessu óþarft. Dómsátt hlýtur því að auðvelda og hraða meðferð mála. Það væri því æskilegt að geta lokið sumum þeim málum með dómsátt, sem dómur verður nú að ganga í.

Árið 1964 var tala dómfelldra manna í sakadómi Reykjavíkur 484, þar af 324 vegna ölvunar við bifreiðaakstur. Af þessum 324 mönnum voru 172 dæmdir í sekt en 150 í varðhald.

Það yrði því stigið stórt skref til að gera dómgæzlu greiðari ef heimilt væri að ljúka hluta af ölvunarbrotum við bifreiðarakstur með dómsátt en samkvæmt gildandi lögum verður maður ekki sviptur bifreiðarstjóraréttindum nema með dómi.

Er það tillaga mín, að þessum ákvæðum verði breytt á þann veg, að heimilt sé með dómsátt að svipta mann bifreiðarstjóraréttindum í allt að eitt ár sé um fyrsta brot og sektarrefsingu að ræða. Hefði þessi heimild verið í lögum árið 1964 má ætla að á því ári hefði um hálft annað hundrað málum, sem lauk þá með dómi, getað orðið lokið með sátt.

2. Fyrir nokkrum árum var heimilað að ljúka smæstu umferðarlagabrotum með lögreglusektum (administrativum sektum). Eigi að síður berst sakadómi þvílíkur fjöldi kæra út af þeim brotum að nær ókleift er með núverandi starfskröftum að afgreiða þær allar í rétti. Það er mikil nauðsyn á því að auka heimild til að ljúka ekki aðeins fleiri tegundum umferðarlagabrota heldur einnig smæstu lögreglusamþykktar- og áfengislagabrotum með lögreglusektum, t. d. allt að kr. 500.00.

3. Að gildandi lögum er í öllum meginatriðum hið sama réttarfar í öllum dómsmálum og aðeins gert frávik í þeim örfáu málum, sem sæta sókn og vörn. Erlendis er gerður meginmunur á réttargangi eftir því hvort sökunautur játar fortakslaust sök sína eða hann neitar henni. Í fyrra fallinu er öll meðferð máls gerð sem auðveldust í því skyni að hraða því, t. d. slakað á kröfum um vitnaleiðslur og öflun ýmiss konar gagna svo og um ítarlegar forsendur dóms. Breyta ætti ís-

lenzkum réttarfarslögum í þessa átt, ef sökunautur játar sök skilyrðislaust og enginn vafi er um staðreyndir máls að öðru leyti.

4. Enn er til heimild í réttarfarslögum fyrir dómara að gefa sjálfur út ákæru, ef mál er einfalt og óbrotið, sök er alveg viðurkennd og enginn vafi er um lög og staðreyndir máls. Eftir stofnun embættis saksóknara ríkisins hefur sakadómur Reykjavíkur aldrei notað þessa heimild, enda samrýmist hún ekki nútíma hugmyndum og kröfum um aðskilnað ákæruvalds og dómsvalds. Eru því öll mál, sem ætla má að dómur geti gengið um, send saksóknara til ákvörðunar — eftir vélritun dómprófa og semur hann síðan skriflega ákæru, ef því er að skipta. Þessi skipan hlýtur að lengja málarekstur. Tel ég æskilegt að sú lagabreyting yrði gerð að saksóknara eða fulltrúa hans væri heimilað í einföldum „já-málum" að flytja fram munnlega ákæru í dómþingi en að sjálfsögðu yrði að færa hana til bókar. Með þeirri skipan væri unnt að rannsaka og dæma slík mál í einu og sama dómþingi.

5. Að núgildandi lögum um meðferð verðlagsmála er ávallt skylt að hafa einn meðdómanda. Reynslan hefur sýnt að þetta tefur gang mála. Ég tel æskilegt að breyta meðferð þessara mála á þann veg, að dómara sé heimilt að gera dómsátt svo og halda dómþing fyrir ákæru án meðdómanda.

6. Frumskilyrði fyrir greiðri meðferð opinberra mála er að sökunautur og vitni mæti fyrir dómi. Því er nauðsynlegt að kvaðning þeirra sé í lagi. Í mörg undanfarin ár hafa boðunarmenn fyrir sakadóm Reykjavíkur verið of fáir og hefur þeim alls eigi fjölgað í samræmi við fjölgun dómara og fulltrúa. Árið 1964 voru boðunarmenn 4 en dómendur 9 að tölu. Hér við bætist og að boðun manna verður erfiðari með ári hverju — eftir því, sem borgarbúum fjölgar og borgarsvæðið stækkar. Það er því gleðiefni að á þessu ári mun að öllum líkindum bætast við einn boðunarmaður við dóminn og þarf þá að bæta við einni bifreið fyrir hann. Þessi fjölgun nægir þó vart og þyrfti að bæta við enn einum boðunarmanni ef vel ætti að vera.

7. Einsætt er að það dregur verulega úr vinnuafköstum dómara ef hann þarf sjálfur að rita alla framburði sökunauta og vitna í þingbók, enda má það heita ógjörlegt í umfangsmiklum og flóknum sakamálum. Það er eitt af meginatriðum til að hraða rekstri dómsmála, að dómari hafi ritara við prófun þeirra. Á undanförnum árum hafa laganemar oft verið fengnir til dómritunar og hefur það gert mikið gagn. Þá hefur alveg nýlega verið notuð heimild dómsmálaráðuneytisins til að bæta við einum ritara við sakadóm Reykjavíkur vegna dómritunar og hlýtur sú ráðstöfun að hraða gangi mála. Þó er ljóst, að einn dómritari nægir ekki, þegar háð eru samtímis mörg dómþing í sakadómi — en það er oft.

8. Í sambandi við ritun framburða í dómþingi er rétt að vekja athygli á þeirri heimild réttarfarslaga að hraðrita og taka á talvél skýrslur í opinberu máli. Þessi heimild hefur vart verið notuð. Ástæða er til að athuga gaumgæfilega hvort hraðritun og taka skýrslna á talvél sé ekki til hagræðis og flýtis. Þá dettur mér í hug, hvort ekki væri hentugt að reyna vélritun í dómþingi, annað hvort þannig, að frumritið væri blað í þingbók (til þess þyrfti líklega lagabreytingu) eða þannig, að framburðir sökunauta og vitna væru vélritaðir í dómþingi og lagðir svo þar strax fram sem frumskjal. Í báðum tilfellum sparaðist vélritun síðar.

9. Oft þarf að fá rannsóknargerð sérfræðings áður en dómur getur gengið, t. d. endurskoðun á bókhaldi fyrirtækis og rannsókn á geðheilbrigði sökunauts. Stundum kemur fyrir að allt of lengi dregst að sérfræðingar skili áliti og verður málið þá að bíða á meðan. Er mjög æskilegt ef tækist að fá sérfræðinga, einkum endurskoðendur, til að láta rannsóknargerðir í opinberum málum hafa nokkurn forgang. Myndi þá rekstur margra stórmálanna verða hraðari en nú er.

10. Með ári hverju fjölgar þeim sakadómsmálum í Reykjavík, sem rannsóknarlögreglan rannsakar á frumstigi. Þessi þróun hlýtur að halda áfram í vaxandi mæli. Eftir því, sem lögreglan rannsakar betur mál, tekur fyllri skýrslur

sakborninga og vitna og aflar fleiri sakargagna, þeim mun fyrr kemur dómur í máli. Það er því mjög miður hversu rannsóknarlögreglan er nú fámenn miðað við hin fjölmörgu og margvíslegu verkefni hennar. Er mjög knýjandi að fjölga rannsóknarlögreglumönnum, m. a. til að hraða meðferð mála.

11. Þó nokkur hópur afbrotamanna hér í Reykjavík, einkum þeir, sem fremja þjófnað og fjársvik, eru síbrotamenn. Stundum fremja þeir brot sín einir og stundum með öðrum og þá gjarnan ekki ávallt með sömu mönnum. Þeir menn fremja svo önnur brot einir eða máske með enn öðrum. Geta af hlotizt þau afbrotatengsl í einu og sama máli, að mjög erfitt er að ljúka því. Gæzluvarðhaldsvist síbrotamanna og afplánun eldri refsivistardóms þeirra auðveldar meðferð slíkra flækjumála og flýtir uppkvaðningu dóma í þeim. Einnig er oft mjög erfitt fyrir boðunarmenn að hafa upp á mönnum þessum. Varðhaldsvist síbrotamanna myndi létta svo um munaði starf boðunarmanna. Þetta framkvæmdaatriði er nú í sérstakri athugun hjá dómurum.

12. Við sakadóm Reykjavíkur eru nú 9 dómendur, 5 dómarar og 4 fulltrúar. Gæti verið freistandi að segja að fjölgun dómenda væri til að hraða gangi mála. Ég vil þó eigi á þessu stigi vera tillögumaður þess og eru ástæður tvær. Í fyrsta lagi tel ég að starfsorka hinna 9 dómenda sé enn eigi að fullu nýtt — vegna ónógrar aðstoðar þeim til handa, og í öðru lagi tel ég að starfsorka þeirra sé eigi heldur rétt nýtt — vegna fyrrgreindra annmarka á réttarfarsreglum.

Fleiri atriði, sem ég tel að stuðlað gætu að skjótari meðferð opinberra mála, verða ekki nefnd í bréfi þessu.

Að endingu vildi ég mega segja sem skoðun mína:

Það er bæði í þágu dómgæzlu og borgara að flýta rekstri dómsmála. Hraða mála má þó aldrei kaupa því verði að slaka á samvizkusamlegri meðferð þeirra. Sú skipan réttarfars ein er góð og giftusamleg, að saman fari og að fylgist hraði og vandvirkni í rekstri mála.

*Bæjarfógetinn á Akranesi.*

Úr bréfi Þórhalls Sæmundssonar bæjarfógeta, dags. 10. desember 1964:

Varðandi úrbætur, er gætu stuðlað að skjótari meðferð mála hér við embættið, vil ég taka fram, að ég tel nauðsynlegt að fá vélritara allan daginn, svo að ekki standi á vélritun, svo og að launakjör hans verði bætt, því að ekki er hægt að fá hæfan vélritara fyrir þau laun, sem í boði eru.

*Sýslumaður Dalasýslu.*

Úr bréfi Friðjóns Þórðarsonar sýslumanns, dags. 12. febrúar 1965:

Það eru hin smærri mál, sem vilja stundum dragast, svo sem ýmsar kærur út af stöðumælum úr Reykjavík, þ. e. mál, sem þyrfti helzt að ljúka á staðnum, þar sem brotið er framið.

Það er alkunna, hvað mál út af ölvun við akstur eru mörg víða um land, og fer mikill tími í að fjalla um þau. Það myndi greiða mjög fyrir, ef hin einfaldari þeirra mætti leysa með dómsátt, eins og mig minnir, að kæmi til orða við meðferð umferðarlagafrumvarpsins.

Langdregin meðferð mála er löngum gagnrýnd með réttu af almenningi. Hafa ýmsar leiðir verið reyndar til að reyna að hraða henni, m. a. lagabreytingar. Hitt er svo annað mál, að oft getur það dregið úr málaþrasi, ef menn sjá fram á, að lausnin er ekki alltof fljótfengin, ef farin er hin svonefnda dómstólaleið. Kunna þá sumir að reynast sáttfúsari en ella.

Vænlegasta leiðin til að halda uppi góðri og greiðri meðferð mála við embættin er vafalaust sú, að mínum dómi, að reyna að hlynna að starfsfólki því, sem þar vinnur, háum sem lágum, svo að unnt sé að fá hæfa menn að embættunum og halda þeim þar. Sé svo um hnútana búið, hygg ég, að unnt sé að leysa mikinn

fjölda mála fyrir þingfestingu, en það er oftast nær öllum fyrir beztu, bæði fyrir einstaklinga og hið opinbera.

*Sýslumaður Barðastrandarsýslu.*

Úr bréfi Ásbergs Sigurðssonar sýslumanns, dags. 20. maí 1966:

Að svo miklu leyti, sem hægt er að tala um drátt á meðferð dómsmála í umdæminu, eru helztu orsakir hans erfiðar samgöngur innan umdæmisins á vetrum, langdvalir manna, t. d. sjómanna, utan umdæmis vegna atvinnu og skortur á löglærðum mönnum. Ýmist eru ólöglærðir menn á báða bóga eða lögfræðingar í fjarlægum landshlutum á aðra hlið eða báðar. Frestir vilja því oft verða margir og langir.

*Bæjarfógetinn á Ísafirði og sýslumaður Ísafjarðarsýslu.*

Úr bréfi Jóhanns Gunnars Ólafssonar sýslumanns og bæjarfógeta, dags. 11. desember 1964:

Helzta orsök til dráttar á málum hér við embættið eru annir. Vantar hér alveg innheimtumann, en fulltrúi sér um alla innheimtu núna. Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins hefur mælt með því, að bætt verði hér við þessum manni, en beiðni um það hefur verið synjað af dómsmálaráðuneytinu. Þá má geta þess, að tíð mannaskipti hafa orðið hér og um skeið enginn fulltrúi. Bætt mundi úr því, með því að hafa hér starfandi mannafla, sem nauðsynlegur er til þess að hafa afgreiðslu alla í lagi.

Í bréfi 22. júní 1966 tekur bæjarfógeti eftirfarandi fram um orsakir fyrir drætti á meðferð dómsmála:

I. Mannekla.

II. Brottvera aðila.

Um I. lið þarf ekki að ræða, þar sem ráðuneytinu er vel kunnugt um það atriði.

Um II. lið er það að segja, sérstaklega í sambandi við opinberu málin, að rétt væri, að að minnsta kosti öll minni háttar mál væru afgreidd, þar sem brotið er framið á meðan sakborningur er við hendina.

T. d. fáum við hingað sendar kærur á menn, sem hér eiga lögheimili, en koma ekki hingað mánuðum saman og fer því mikill tími til spillis að hafa aftur upp á sakborningi. Þó málin séu send þangað, sem skipin landa, hefst ekki upp á kærðum, og liggja til þess ýmsar ástæður.

Dráttur sá, sem yfirleitt er á uppboðsmálum, stafar af því, að uppboðsbeiðandi óskar málum frestað í sífellu.

*Sýslumaður Húnavatnssýslu.*

Úr bréfi Jóns Ísbergs sýslumanns, dags. 23. nóvember 1964:

Ég vil fyrst vekja athygli á því, að dómarastörfin hjá sýslumönnum eru orðin algert aukastarf í mörgum umdæmum landsins. Og það er orðið svo erfitt að fá löglærða fulltrúa, að sýslumaður sjálfur verður að standa í alls konar öðrum málum, stjórnsýslu og innheimtu, svo dómsmálastörfin hverfa. Ég vil geta þess hér, að ég kom með þær tillögur á þingi héraðsdómara á síðast liðnu hausti, að dómarastörfin yrðu að nokkru skilin frá störfum sýslumanns og skipaður sérstakur dómari fyrir nokkur lögsagnarumdæmi. T. d. mætti fara eftir kjördæmaskipuninni að nokkru leyti. Hann hefði svo ákveðin þinghöld í hverri sýslu og þá kæmi sýslumaður fram nánast sem hinn opinberi ákærandi í þeim málum, sem þyrfti að skjóta til þessa dómara. Einkamál, sem þessi dómari tæki að sér, yrðu að vera það vel undirbúin, strax í fyrsta þinghaldi, að um frest yrði ekki að ræða, nema fram að næsta þinghaldi, nema ef sérstaklega stæði á.

Þessi dómstóll, sem mætti kalla Fjórðungsdóm, eða eitthvað annað, fengi sem sagt öll einkamál, sem til dóms gengju og öll meiri háttar opinber mál. Hins vegar hefðu sýslumenn eftir sem áður rétt til þess að gera dómssáttir og ákveða sektir í minni háttar brotum. Í þéttbýli þyrfti að vera sérstakur umferðardómstóll, þ. e. dómari, sem yrði til kvaddur, þegar umferðarslys verða og að hann kveði upp sinn úrskurð á staðnum, ef mögulegt er, sem á að vera hægt í öllum minni háttar slysum. Úti á landsbyggðinni myndu sýslumenn, eða fulltrúar þeirra, gera slíkt hið sama. Að vísu yrði þetta allmikið álag og viðbót við starf þeirra, en aðalstarfið yrði að sumrinu tiltölulega stuttan tíma og mætti þá hafa til þess sérstaka menn og jafnvel hafa samvinnu milli fleiri lögsagnarumdæma. T. d. dettur mér í hug hér hjá mér, samvinna milli Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu og Strandasýslu og ef til vill eitthvað vestur á bóginn.

Dómur í svona málum gengur oft mjög seint og oftast nær er um að ræða réttarsátt og þá kemur hún oft á tíðum alls ekki réttlátlega niður. Í sumum tilfellum er ekkert gert í málinu, af hálfu hins opinbera. Hins vegar munu tryggingarfélögin skipta sökinni jafnt á milli sín, ef þau telja ástæðu til. Ég vek athygli á þessu vegna þess, að fyrir nokkrum árum var árekstur hér í Langadal, þar sem annar aðilinn var alveg greinilega í órétti, þótt hann hefði vitanlega sína afsökun, sem var ruðningur eftir veghefil. Hann játaði beinlínis fyrir sakadómi að hann væri í órétti. Samt sem áður skiptu tryggingarfélögin sökinni jafnt á milli sín og ekkert var gert í málinu, eftir því sem ég bezt veit. Og nú hef ég mál með höndum þar sem er árekstur milli tveggja bifreiða á mjög breiðum vegkafla. Annar bíllinn ók mjög hægt, en hinn með ofsahraða, þrátt fyrir það, að þetta væri fram hjá húsi, sem hafði merki sín hvorum megin, um að börn væru að leik og þar af leiðandi bæri að fara mjög varlega. Þetta mál hef ég reynt að rannsaka nokkuð vel hér heima fyrir og meðal annars látið hæðarmæla veginn, svo það færi ekkert á milli mála, hvað langur aðdragandi var í raun og veru að árekstrinum.

Hefði til dæmis í þessu tilfelli verið kominn svona umferðardómstóll, þá hefðu bílarnir ekki verið hreyfðir fyrr en dómarinn var kominn á staðinn. Bílstjórarnir yfirheyrðir og sá, sem talinn var frekar í sök, dæmdur og ef til vill báðir, ef þannig stóð á. Menn eru yfirleitt bljúgari, þegar svona vill til, heldur en á eftir, þegar þeir hafa harðnað og bera þá á borð fyrir menn hinar fáránlegustu fullyrðingar. Mér er það fullkomlega ljóst, að þetta er dýrt í framkvæmd, en það er líka dýrt að láta menn aka eins og sumir gera nú úti á þjóðvegunum.

Ef til vill finnst hinu háa ráðuneyti hér of djúpt tekið í árinni og þessar tillögur séu ekki framkvæmanlegar, en sem varatillögu vil ég beina því til hins háa ráðuneytis, að hækkað verði kaup löglærðra fulltrúa það mikið, að hægt verði að fá þá til að starfa úti í héruðunum, en þeirra starf yrði fyrst og fremst mörg þeirra smærri opinberu mála, sem þá yrði hægt að afgreiða jafnóðum og þau berast.

*Sýslumaður Skagafjarðarsýslu og bæjarfógeti Sauðárkróks.*

Úr bréfi Jóhanns Salbergs Guðmundssonar sýslumanns og bæjarfógeta, dags. 19. október 1965:

Orsakir fyrir drætti geta verið fleiri en ein. Svo sem kunnugt er, hvíla á sýslumönnum og bæjarfógetum margvísleg störf og að ýmsu óskyld. Er sú krafa gerð til embættismannsins, að hann hafi alla þræðina í hendi sér og geri öllum málum skil, og verður svo að vera, ef vel á að fara. Hins vegar gera hin margvíslegu og óskyldu mál það að verkum oft og einatt, að þau draga um of til sín starfskrafta dómarans, þannig að hann fær eigi nægilegt tóm til að sinna dómarastörfunum, einkum ef starfslið er ófullnægjandi við embættið. Veldur á miklu að hafa við embættið góðan löglærðan fulltrúa. Hvað varðar þetta embætti, tel ég vart vinnandi veg að sinna dómsmálum sem skyldi án fulltrúa.

*Bæjarfógetinn á Siglufirði.*

Útdráttur úr bréfi Péturs Gauts Kristjánssonar setts bæjarfógeta, dags. 27. febrúar 1965:

Hann segir, að í almennum einkamálum beri langmest á því, að mál dragist vegna þess, að aðilar óski endurtekinna fresta og kveði einkum rammt að þessu, þegar með mál fari lögfræðingar búsettir utan bæjar. Hér beri sök báðir aðilar, enda séu mál oft mjög illa undirbúin af hálfu sóknaraðila.

Drátt á opinberum málum telur hann einkum stafa af því, hversu oft sé torvelt að ná til vitna, sem ef til vill séu dreifð víðs vegar, en einkum eigi þetta þó við um sjómenn og aðra þá, er óreglulega vinnu stundi.

Um ráð til úrbóta segir hann m. a., að þar mundi drýgst verða, að skapa dómurum þau skilyrði, að þeir geti helgað sig sem mest dómstörfum eingöngu og þurfi í því efni að búa betur að embættum um starfslið. Einn þáttur í því hljóti að vera betri launakjör starfsliðs, svo að sem hæfast fólk fáist til starfa. Hann telur, að afnema ætti aukatekjur dómara, en hækka föst laun.

Jafnframt hækkun launa eigi að banna embættisdómurum með öllu afskipti af öðrum opinberum málum svo sem stjórnmálum og launuðum aukastörfum á óskyldum sviðum.

*Bæjarfógetinn í Ólafsfirði.*

Úr bréfi Sigurðar Guðjónssonar bæjarfógeta, dags. 1. febrúar 1965:

Spurningunni um það, hverjar séu helztu orsakir fyrir drætti á afgreiðslu dómsmála, og hverjar leiðir séu til úrbóta á því, tel ég mig ekki færan um að svara. Þó vil ég benda á, að í litlum embættisumdæmum verður afgreiðsla þessara mála ekki nema mjög lítill hluti af embættisstörfunum, og dómarinn fær því ekki þá æfingu og reynslu sem æskileg væri. Úr þessu yrði ekki bætt, nema með gagngerðri breytingu á embættaskipuninni, en hvort hún er framkvæmanleg eða æskileg get ég ekki dæmt um.

*Bæjarfógeti Akureyrar og sýslumaður Eyjafjarðarsýslu.*

Úr bréfi Friðjóns Skarphéðinssonar sýslumanns og bæjarfógeta, dags. 23. desember 1964:

Spurt er í bréfinu um álit á því, hverjar séu helztu orsakir fyrir drætti á meðferð dómsmála, og óskað tillagna um breytta löggjöf af því tilefni.

Dráttur á meðferð dómsmála á sér ekki stað við þetta embætti, að mínum dómi, umfram brýna nauðsyn, nema sem hrein undantekning. Að sjálfsögðu á það sér oft stað að öflun nauðsynlegra gagna taki talsverðan tíma, svo mánuðum skiptir, en tæplega svo árum skipti. Hlýtur svo ævinlega að verða og verður tæplega úr því bætt með neins konar löggjöf. Á sínum tíma kom fram lagafrumvarp, þar sem gert var ráð fyrir að gagnaöflun í einkamálum færi mestmegnis fram áður en mál er höfðað. Fæ ég ekki séð að það sé til neinna bóta fyrir málsaðila. Aðalatriðið sýnist mér vera, að tiltækur sé nægur vinnukraftur af hendi málflyjenda og dómara. Við þetta embætti á sér að vísu oft stað, að dómarar eru ofhlaðnir störfum, en þá verða þeir að leggja því meir að sér, en að vísu er þá sú hætta yfirvofandi, að störfin verði lakar unnin.

Um sakadómsmálin er það að segja, að þar er helzt hægt að finna misbrest í því að dráttur verði á fullnustu refsingar. Við þetta embætti hafa skilyrði til slíks verið mjög takmörkuð, vinnukraftur ekki nægur til innheimtu sekta og skilyrði til varðhaldsvistar í lágmarki. Úr hvorttveggja má bæta með auknum kostnaði og bygging fangahúss stendur nú yfir.

Enn má benda á atriði, sem miklu máli mundi skipta fyrir þetta embætti, en það er stofnun sérstakrar rannsóknardeildar hjá lögreglunni. Sakadómsmálum fjölgar stöðugt, einkum vegna aukinnar umferðar og slysa. Sérstök rannsóknar-

lögregla mundi flýta undirstöðurannsóknum og hæfari menn fengjust til þess starfa. Þegar hin nýja lögreglustöð, sem nú er í byggingu, verður tekin til notkunar, verður góð aðstaða til slíks.

*Sýslumaður Norður-Múlasýslu og bæjarfógeti Seyðisfjarðar.*

Úr bréfi Erlendar Björnssonar sýslumanns og bæjarfógeta, dags. 19. desember 1964:

Um orsakir dráttar á meðferð dómsmála hér við embættið get ég strax svarað því, að í einhverjum sárafáum undantekningartilfellum kann að hafa verið um slóðaskap að ræða. Yfirleitt kemur varla til greina annar dráttur en sá, sem stafar af annríki. Við slíkum drætti mun lítið hægt að gera hjá þeim sýslumönnum, sem illa gengur að verða sér úti um hæfa starfsmenn, vegna þess að aðrar stofnanir bjóða aðgengilegri kjör.

*Sýslumaður Suður-Múlasýslu.*

Úr bréfi Valtýs Guðmundssonar fulltrúa sýslumanns, dags. 24. marz 1965:

Varðandi þá spurningu hins háa ráðuneytis, hvað væri rétt að gera til þess að hraða dómsmálum, tek ég fram eftirfarandi:

Hér í sýslu eru nokkuð sérstakar aðstæður þannig, að sýslan er víðlend og í flestum skilningi erfið yfirferðar. Undanfarin ár hefur mér virzt þetta atriði einkum verða til þess að seinka málum.

*Sýslumaður Skaftafellssýslu.*

Úr bréfi Einars Oddssonar sýslumanns, dags. 2. marz 1965:

Yfirleitt má segja að meðferð dómsmála hafi ekki gengið með eins skjótum hætti, og æskilegt væri.

Þessu valda að mestu leyti sérstakar aðstæður hér, sem sé að sýslan er klofin í stundur af Skeiðarársandi, en eftir honum renna, sem kunnugt er ófær og óbrúuð stórfljót (þau einu á landinu) og verður að fara til Reykjavíkur og þaðan til Hornafjarðar flugleiðis, ef taka á mál fyrir í Austur-Skaftafellssýslu.

Þá veldur einnig hér nokkru um, að starfslið við embættið hefur ekki verið nægilegt, og hefur það komið niður á opinberum málum.

Á þessu síðasta atriði hefur nú verið ráðin nokkur bót.

Fyrirsjáanlegt er þó, að mál, sem taka á fyrir í Austur-Skaftafellssýslu, munu dragast á langinn, vegna samgönguerfiðleika, og verður ekki séð, að úr því verði bætt nema á einn veg, eða með því að brúa vötnin á Skeiðarársandi og gera bílveg á milli sýslanna.

Að þessu hlýtur að koma fyrr eða síðar, því að þjóðarhagsmunir reka á eftir því að hægt verði að komast landveg hringinn í kringum landið.

Að því er varðar tillögur um breytingar á löggjöf um meðferð dómsmála (sbr. bréf dags. 9. okt. s. l.), virðist mér það frekast geta stuðlað að skjótari meðferð dómsmála úti á landi, ef dómsvaldinu yrði skipt í sérdómstóla, svo sem gert er í Reykjavík.

Umdæmi þessara dómstóla gætu verið all stór, t. d. þau sömu og umdæmi skattstjóranna.

*Bæjarfógetinn í Keflavík.*

Úr bréfi Alfreðs Gíslasonar bæjarfógeta, dags. 17. september 1965:

A. Opinber mál.

Mikill tími fer í ýtarleg réttarhöld í mörgum málum, sem ekki eru mikilvæg, og sem saksóknari síðan fellir niður eða fellst á, að lokið verði með dómsátt. Hin ýtarlegu réttarhöld í þessum málum eru talin nauðsynleg, til að saksóknari geti myndað sér sína skoðun á málinu, en hún verður oft sú sama, og dómarinn hafði myndað sér án hinna ýtarlegu réttarhalda og kemur þar fram aðstöðumunur vegna

þekkingar dómarans á staðháttum o. þ. h. Rannsókn á öllum þessum málum lýkur yfirleitt innan 6 mánaða frá því kæra berst, nema nauðsynlegt sé, að senda málið til annarra embætta til rannsóknar þar. . . .

B. Einkamál.

I. Skriflega flutt:

Flest af þessum málum eru þingfest og dómtekin sama dag og ganga dómar í þeim venjulega næstu daga þar á eftir.

II. Munnlega flutt:

Mest er hætta á drætti mála, sem eru „procederuð“ og er það ýmislegt sem því veldur. Oft eru mál illa undirbúin af hálfu lögmanns stefnanda og er ekki sjaldan, að hann leggi aðeins fram stefnu við þingfestingu og taki síðan sjálfur frest til greinargerðar og gagnaöflunar. Lögmenn eru yfirleitt fúsir að veita fresti í málum sínum sitt á hvað og freistast dómarinn oftast fyrir sitt leyti að reka ekki eftir aðilum með málin vegna eigin anna við önnur embættisstörf, sem út af fyrir sig eru fjölmörg og tímafrek. Oft verður óhjákvæmilegur dráttur á málum frá því að gagnasöfnun er lokið og þar til munnlegur málflutningur fer fram, sem stafar af því, að dómarinn á erfitt með að samræma hentugleika sína og aðilanna og oftar einnig meðdómendanna, en meðdómenda er þörf í flestum málum nú orðið.

Dómsmálin eru orðin mjög umfangsmikil við þetta embætti, t. d. eru bæjarþingsmálin nú í ár orðin 92 að tölu. Áætla ég, að þau verði vart færri en 130 í árslok. Auk þess, sem lögmenn sjálfir eiga meginsök á drætti einkamála, stafar hann óneitanlega einnig af skorti embættisins á löglærðum fulltrúum, sem lengst af hefur haft aðeins einn.

C. a. . . .

b. Uppboð.

Hátturinn á meðferð uppboðsmála hér við embættið er sá, að strax eftir móttöku sölubeiðna er skuldara tilkynnt um uppboðskröfu og að auglýsing um nauðungarsölu verði send til birtingar ef krafan sé ekki greidd innan 8 daga. Að þeim tíma liðnum líður svo misjafnlega langur tími þar til auglýsing er send til birtingar. Til hægðarauka og tímasparnaðar er sölubeiðnum safnað saman og þá mörg uppboð auglýst sama dag. Langflestar sölubeiðnir eru afturkallaðar án þess að til útgáfu auglýsingar komi. Eftir að uppboð hafa verið tekin fyrir í uppboðsrétti er reynslan hér við embættið sú, að sölubeiðandi hefur, oft án afskipta uppboðsþola, frestað sjálfur sölu hvað eftir annað. Hefur því verið hafður sá háttur á undanfarin ár, að uppboðunum er frestað til ákveðins vikudags öllum í einu og tekin fyrir eins og tíðkast með bæjarþingsmálin. Uppboðsmálin eru tímafrek fyrir uppboðshaldara, því oft er hann milliliður milli uppboðsbeiðanda og uppboðsþola, framsendir greiðslur upp í uppboðskröfu o. þ. h.

Ég tel, að sölubeiðnir sendar embættinu 1961—63, sem ekki voru auglýstar, hafi verið sem næst 40 árið 1961, 50 árið 1962 og um 75 árið 1963.

c. Skipti.

Skipti á dánarbúum eru fá, enda er það algengast, að einkaskipti fari fram. Í mörgum tilfellum eru bú afhent til einkaskipta, eftir að uppskrift hefur farið fram.

Í bréfi 23. september 1966 tekur bæjarfógeti þetta fram til viðbótar:

A. Opinber mál.

. . . Í flestum tilvikum var um að ræða áfengislaga- eða umferðarlagabrot. Vissir dagar voru teknir í viku hverri til réttarhalda í smærri málum, sem fyrirsjáanlegt var, að ljúka mætti með sátt.

Engin sök fyrnist hér á þessum árum.

B. I. Einkamál (munnlega flutt).

Mest hætta er á drætti í þessum málaflokki.

Bæði er, að mál eru oft illa undirbúin frá lögmanna hálfu og eins eru þau flest hér við embættið þannig, að meðdómara er þörf. Einnig er það skoðun mín, að ákvæði 191. gr. einkamálalaga, að dómur skal genginn í máli áður en leyfður verði flutningur á öðru, sé frekar til að draga afgreiðslu mála á langinn en hitt.

B. II. Einkamál (skriflega flutt).

Á afgreiðslu þessara mála er yfirleitt enginn dráttur, en nokkur vinna er í þeim, þar sem tvífæra þarf a. m. k. dómsorðin í sína hvora bók.

C. Fógetamál.

A., Flestum fjárnámsgerðum lýkur sama dag og þær hefjast. Raunar berast fjárnámsbeiðnir embættinu oft áður en málið er tekið fyrir og panta lögmenn síðan tíma hjá fógeta til gerðanna. Mun sá háttur hafður á víðast hvar annars staðar.

Vissir dagar voru teknir til lögtaka, en þeir voru:

1964 120 að tölu, 1965 72 að tölu.

Í flestum tilfellum var innheimtumaður ríkissjóðs gerðarbeiðandi og lauk þá máli sama dag og það hófst. Það skal tekið fram, að bæjarsjóður Keflavíkur hefur sérstakan lögtaksfulltrúa, og eru lögtök hans ekki hér með talin.

C. Uppboð.

B. Of mikið ber á því í þessum málaflokki, að lögmenn vilja nota uppboðshaldara sem ógnun á skuldara og kemur það bezt í ljós við það, hversu fúsir þeir eru að veita uppboðsþolum fresti. Hef ég reynt að stemma stigu fyrir þetta eftir föngum og í sumum tilfellum krafizt afturköllunar sölubeiðna.

C. Skipti.

C. Opinber skipti eru fá, enda er algengast, að einkaskipti fari fram án milligöngu skiptaráðanda, en í mörgum tilfellum er bú afhent til einkaskipta eftir að uppskrift hefur farið fram.

*Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli.*

Úr bréfi Björns Ingvarssonar lögreglustjóra, dags. 8. desember 1964:

Vegna fyrirspurnar hins háa ráðuneytis, tel ég að málum myndi almennt ljúka fyrr og án verulegs dráttar ef embættin hefðu nægilegu starfsliði á að skipa.

*Bæjarfógetinn í Kópavogi.*

Úr bréfi Sigurgeirs Jónssonar bæjarfógeta, dags. 30. nóvember 1964:

Spurningu hins háa ráðuneytis um hverjar ég telji orsakir fyrir drætti á meðferð dómsmála og tillögur þar að lútandi, leyfi ég mér að svara svo: Skortur á starfsliði og aðstöðu er aðalorsökin að því er ég tel. Hér vinna 2 fulltrúar að dómsmálum auk mín, en hlutur minn minnkar með hverju ári eftir því sem umsvif við stjórn embættisins aukast. Annar fulltrúa þessara sinnir opinberum málum eingöngu og fógetamálum að hluta. Hinn fulltrúinn fer með mestan hluta einkamála ásamt öllum þinglýsingum í þessum 8000 manna bæ, sem hefur flestar fasteignaþinglýsingar allra umdæma að tiltölu. Ég tel, að við svo búið megi ekki standa ef ekki á að vera hætta á, að meðferð dómsmála hér lendi í hreinum ógöngum.

Nokkuð ber á, að gagnaöflun dragist hjá lögmönnum, en eins og skýrslan ber með sér er það ekki svo að orð sé á gerandi hér. E. t. v. væri eðlilegt, að dómarar gætu haft meiri áhrif á hraða lögmanna við gagnaöflun en nú er, en tæplega sýnist mér að dómarar gætu beitt neinum refsivendi við lögmenn á meðan svo mjög stendur upp á dómstóla hvað hraða snertir eftir að gagnaöflun lýkur, sem vera mun hér á landi, bæði í þessu embætti og annars staðar.

*Saksóknari ríkisins.*

Úr bréfi Valdimars Stefánssonar saksóknara, dags. 18. ágúst 1964:

Ég geri ráð fyrir, að þessi beiðni ráðuneytisins takmarkist við opinber mál, þar sem önnur dómsmál eru eigi í verkahring þessa embættis, og miðast svar mitt við, að svo sé.

Það fer vissulega mjög eftir eðli hvers máls, hve langan tíma það tekur að ljúka því. Yfirgnæfandi fjöldi mála er þannig vaxinn, að þeim ætti að mega ljúka á skömmum tíma samkvæmt núgildandi réttarfarslögum, ef dómstólar og löggæzla landsins hefðu nægu starfsliði á að skipa og sá dugnaðarandi er þar ríkjandi, sem í öllum störfum er nauðsynlegur til þess að þau komist áfram.

Er það álit mitt, að ef þessi aðstaða er raunveruleg, þá sé ekki ástæða til breytingar löggjafar til að tryggja greiðan gang flestra opinberra mála.

Hins er svo að gæta, að með auknum ökutækjafjölda, margvíslegum auknum umferðarreglum, aukinni ölvun á almannafæri o. s. frv., sem hefur svo í för með sér gífurlegan kærufjölda, einkum hér í Reykjavík, er svo komið, að óhjákvæmilegt virðist að koma á hraðvirkari afgreiðslu þessara kæra, heldur en dómstólar geta annað, án verulegs kostnaðarauka við fjölgun dómara og annarra starfsmanna dómstóla.

Virðist í því efni koma til greina að reyna svipaða leið og farin er í Danmörku og víðar, þar sem þeim, sem kærðir eru fyrir minni háttar brot, ýmisleg, sem varða sektum, sé með ráðstöfun viðkomandi lögreglustjóra gefinn kostur á að ljúka málinu með greiðslu ákveðinnar sektar, að mati lögreglustjóra, til skrifstofu hans. Geri maðurinn það innan tiltekins frests er máli hans þar með lokið, án frekari umsvifa. Geri hann það ekki, gengur málið hins vegar til dómara, sem lætur það hljóta eðlilega dómsmeðferð. Með þessu fyrirkomulagi má ætla að leysa megi að mjög verulegu leyti þann vanda, sem hinn mikli kærufjöldi í slíkum málum skapar nú um land allt, en þó fyrst og fremst í Reykjavík.

Með þessari afgreiðsluaðferð er hverjum sakborningi í sjálfsvald sett, hvort hann lýkur máli sínu á hinn fljótvirka og fyrirhafnarlitla hátt, að greiða sektina án dómsmeðferðar málsins, eða hvort hann kýs dómsmeðferðina. Ætti engum að vera óréttur ger með þessu fyrirkomulagi.

Tvenns konar önnur mál sé ég ástæðu til að nefna, sem oft vilja dragast allmjög á langinn.

Eru það:

1. Mál þar sem bókhaldsendurskoðun er nauðsynleg. Þegar svo ber undir, að bókhaldsendurskoðun er nauðsynleg í opinberum málum, felur viðkomandi dómari það verk einhverjum löggiltum endurskoðanda. Í ríkisins þjónustu er enginn endurskoðandi, sem hefur því hlutverki að gegna að aðstoða dómstólana í rannsókn mála og er því leitað til löggiltra endurskoðenda, en þeir eru yfirleitt störfum hlaðnir fyrir viðskiptamenn sína og hafa ekki tök á, að láta rannsóknina fyrir dómstólinn fá forgang fram yfir önnur verkefni. Verður þetta til þess, að mál þessi dragast missirum og jafnvel árum saman, þó þess beri vissulega að minnast, að þessar rannsóknir eru oft mjög tímafrekar.

   Vart verður séð, að úr þessum vanda verði bætt öðruvísi en svo, að í ríkisins þjónustu verði löggiltur endurskoðandi, sem hafi beinlínis það verkefni að veita dómstólum þjónustu í endurskoðunarmálefnum, en viðbúið er að kjara vegna væri örðugt að fá hæfan mann til þess starfs.

   Þau mál, sem tefjast verulega af endurskoðunarástæðum, eru ekki mörg, en þau eru stundum allstór og áberandi og þess vegna er eftir þessu tekið og að fundið af almenningi.

2. Mál, þar sem sakborningur eða sakborningar og vitni eiga heima eða dvelja í fleiri en einu lögsagnarumdæmi og þar sem jafnvel eiga í hlut menn, sem hvergi eru skráðir og vandkvæðum er bundið að finna. Mál þessarar tegundar eru oft send bréflega milli lögsagnarumdæma, úr einu í annað, og eru þau á þessari leið mánuðum, misserum og jafnvel árum saman.

   Oft er án efa óhjákvæmilegt að þessi mál dragist vegna vandkvæða dómara á að ná til hlutaðeigenda, en mjög hygg ég að megi takmarka þessar tafir með því að dómarar fari milli lögsagnarumdæmanna til yfirheyrslna,

þangað sem viðkomandi sakborningur eða vitni er niður komið — í samráði við dómarann á þeim stað. Er þá í einni fljótfarinni ferð unnt að ná dómskýrslu, sem ef til vill tæki langan tíma að fá með bréfaskriftaleiðinni. Til þessa þarf ekki lagabreytingu, en einhvern sakarkostnaðarauka gæti þetta haft í för með sér.

Án þess að sérstakt tilefni gefist, sé ég eigi ástæðu til að taka neitt frekara fram út af nefndu bréfi hins háa ráðuneytis.

*Dómarafélag Íslands.*

Úr bréfi Hákonar Guðmundssonar formanns Dómarafélags Íslands, dags. 16. nóvember 1965:

Ráðuneytinu munu þegar hafa borizt svör einstakra héraðsdómara um þetta efni í sambandi við athugun þá, er fram hefur farið á fjölda dómsmála hér á landi árin 1961—1963 og afgreiðslu þeirra.

Af könnun á viðhorfum héraðsdómara utan Reykjavíkur, sem stjórn félagsins gerði í sambandi við aðalfund félagsins í s. l. mánuði, virðist dráttur á afgreiðslu dómsmála hjá þeim embættum, þar sem slíkt kemur fyrir, stafa af þessu tvennu:

a. Skorti á löglærðum fulltrúum og
b. Erfiðleikum á því að fá annað starfslið.

Að því er Reykjavík varðar hefur ráðuneytið í höndum umsagnir yfirsakadómara og yfirborgardómara, sem báðir eiga sæti í stjórn Dómarafélags Íslands.

Í sambandi við framangreind atriði, skort á starfsliði, þykir rétt að vekja sérstaklega athygli á því, að héraðsdómarar almennt kvarta mjög yfir því, hve samkeppnisaðstaða þeirra á hinum almenna vinnumarkaði sé erfið. Stafar það að sjálfsögðu fyrst og fremst af því, að eftirsóknarvert skrifstofufólk á völ á miklu betri launakjörum hjá einkafyrirtækjum en ríkisstofnanir bjóða samkvæmt ákvæðum kjardóms frá 3. júlí 1963 sbr. auglýsingu nr. 74 frá 5. júlí s. á.

En héraðsdómarar kvarta einnig almennt yfir því, og tekur stjórn félagsins undir þær kvartanir, að af hálfu ráðuneytanna og nefndar samkvæmt lögum nr. 48/1958 sé settur fótur fyrir það, að héraðsdómarar geti notfært sér möguleika, innan þeirra marka, sem auglýsingin frá 5. júlí 1963 leyfir, til tilfærslu milli launaflokka og sætir nefnd samkvæmt lögum nr. 48/1958 allmikilli gagnrýni í því sambandi.

Stjórn Dómarafélags Íslands er að sjálfsögðu ljóst, að gæta ber þess, að ríkissjóði sé ekki íþyngt með launagreiðslum til óþarfa starfsmanna. En augljóst er, að þeir embættismenn, sem fara með forstöðu embætta og stofnana hafa bezta aðstöðu til þess að meta, hvaða starfskraftar eru nauðsynlegir til þess, að rekstur embættis eða stofnunar sé sómasamlegur. Er því réttmætt að gera kröfu til þess, að byggt sé á mati þeirra í þeim efnum, en ljóst er, að ekki er hægt að samræma það tvennt, að krefjast greiðrar og góðrar afgreiðslu mála, en synja jafnframt um nauðsynlega starfsaðstöðu til þess að hún verði framkvæmd. Á þetta vill stjórn félagsins leggja sérstaka áherzlu og tekur fram í því sambandi, að telji ríkisstjórn og Alþingi, að nefnd samkvæmt lögum nr. 48/1958 sé nauðsynlegur hlekkur í stjórnsýslukerfi ríkisins verði a. m. k. að vænta þess, að hún taki framvegis meira tillit til beiðna og umsagna héraðsdómara en hingað til og er í því efni vakin athygli á 6. gr. téðra laga, sem skilja verður svo, að nefndin kynni sér og rannsaki sjálfstætt réttmæti þeirra beiðna, sem til hennar berast.

*Lagadeild Háskóla Íslands.*

Prófessor Theodór B. Líndal ritar 28. október 1965:

Á fundi deildarinnar, sem haldinn var 11. þ. m., var mér falið að svara ofangreindum bréfum, án þess að sérstök samþykkt væri gerð um efni svarsins.

Mér er kunnugt, að ráðuneytið hefur nú rannsakað ýmis atriði, er snerta efni

það, sem þingsályktunin fjallar um. Tillögur til úrbóta hljóta m. a. að miðast við það, hvað rannsókn þessi leiðir í ljós. Þess ber og að geta, að sjálfur hef ég ekki gögn í höndum, er tillögur til úrbóta verði reistar á. Svar mitt hlýtur því að verða mjög almenns eðlis og miðast við þá þekkingu, er ég hef af rekstri dómsmála án nánari rannsóknar.

Þegar rætt er um óhóflegan drátt dómsmála, verður að athuga, hvers eðlis málið er. Ég held, að rekstur einfaldra mála verði almennt ekki talinn verulega átöluverður. Meðferð sumra þeirra mætti þó væntanlega gera fljótvirkari. Heyrzt hefur þó kvartað um, að afgreiðsla endurrita gangi hægt hjá sumum dómaraembættum.

Nokkuð hefur borið á því, að lítilfjörlegum og þýðingarlitlum málum sé skotið til Hæstaréttar, svo að málskoti sé beitt til þess að tefja mál. Hæstaréttarlögin nr. 57/1962 geyma ákvæði, er ættu að bæta um á þessu sviði. Hér veltur og mjög á lögmannastéttinni, og virðast nokkur efni til, að hún beiti agavaldi sínu meira en verið hefur.

Að því er snertir hin umfangsmeiri mál er þess að geta, að dómstólaskipan er mjög úrelt og að litlu leyti miðuð við alkunnar og stórfelldar breytingar á byggð landsins og þjóðlífsháttum. Margir dómarar hafa og litla sem enga reynslu um meðferð dómsmála, enda eru þau hrein aukaverk ýmissa þeirra. Málsmeðferðin er og að mörgu úrelt bæði í einkamálum og opinberum málum. Margir dómarar telja mjög erfitt að fá hæft starfsfólk, ekki sízt fulltrúa, og þótt það takist, haldist þeim ekki á slíku fólki. Er einkum borið við, að betri kjör bjóðist annars staðar. Ýmsir nefna bankana í því sambandi og stöður hjá stórfyrirtækjum þ. á m. opinberum og hálfopinberum. Enn er á það bent, að fasteignasala, verðbréfaverzlun o. fl. því líkt laði menn að sér. Innra skipulagi dómaraembætta virðist og áfátt að ýmsu leyti. Má í því efni m. a. benda á, að verkaskipting er oft óskýr og ábyrgðin á rekstri hvers máls ekki á einum stað. Þá er og líklegt, að aukin tækni og verksparnaður gæti á ýmsan hátt gert störfin árangursríkari.

Það er alkunn regla, að aðilar (eða umboðsmenn þeirra) ráða mjög hraða einkamála. Drátt á þeim verður því að kenna lögmönnum að nokkru, þótt þeir, eins og greint er að framan, eigi þar ekki einir sök. Á rekstri opinberra mála hefur dómari meiri tök, og nýleg löggjöf á því sviði hefur bætt mjög um. Þrátt fyrir það verður þó að telja, að ýmislegt mætti þar betur fara. En eins og nú stendur, virðist gangur þeirra mála flestra nokkurn veginn viðhlítandi. Þau mál, sem helzt dragast, eru mál, þar sem vitni og sakborningar eru mjög á faraldsfæti og því erfitt að ná til þeirra. En einkum er þó hér um að ræða mál, er rækilegrar bókhaldsendurskoðunar þarf við, og þá oft jafnframt erlendra gagna. Er augljóst, að meðferð slíkra mála er tímafrek. Hér er þess og getandi, að dómarar, sem um slík mál fjalla, eiga mjög erfitt um vik á þessu sviði. Sérfræðikunnáttu á bókhaldi er þörf, en hæfra endurskoðenda er naumast völ sem fastra starfsmanna. Endurskoðendur eru flestir störfum hlaðnir fyrir skjólstæðinga sína. Aðstoð þeirra við rannsókn opinberra mála er því oft ígripavinna og vinnubrögðin hægfara.

Framangreindar athugasemdir sýna, að úr ýmsu af því tagi, sem aflaga fer, má bæta — sumu með breyttum lögum, en öðru með betri framkvæmd. Aukinn kostnað mundi leiða af endurbótum, en óvíst er, að hann yrði mikill, því að ýmsum sparnaði mætti jafnframt koma við.

Sá vettvangur, sem hér er fjallað um, er svo víðtækur, að ekki verður bent á neina leið til úrbóta. Hins vegar er samræmdra aðgerða þörf.

Á Norðurlöndum og víðar starfa fastar nefndir á sviði réttarfars. Þeim ber að hafa vakandi auga á því, sem áfátt er um rekstur dómstóla, fylgjast með nýjungum og gera tillögur til úrbóta. Á sviði refsiréttar hefur verið starfandi nefnd hér á landi, er gegnir líku hlutverki á sínu sviði. Raunhæfasta leiðin til þess að koma fram endurbótum á rekstri dómsmála er sú, að föst nefnd verði skipuð til þess að annast það hlutverk, sem hér hefur verið vikið að.

En hvort sem ofangreind nefnd verður skipuð eða ekki, tel ég rétt að benda á nokkur atriði, sem hér skipta máli:

1) Endurskoða þarf skipun dómstólanna og færa hana til nútíma horfs.
2) Endurskoða þarf lög um meðferð einkamála og opinberra mála, svo og lög um lögmenn, samræma þau innbyrðis og við endurbætt dómstólakerfi.
3) Athuga þarf sérstaklega innra skipulag þeirra dómstóla, sem nú eru.
4) Athuga þarf möguleika á því, að meiri tækni sé notuð við rekstur dómaraembætta en nú er.
5) Sjá verður um, að sjálfstæði héraðsdómara verði aukið, vinnuskilyrði bætt, fulltrúum og öðru starfsfólki verði veitt viðunandi kjör og kleift gert, að sérfræðilegrar aðstoðar sé völ, þar sem þarf.

*Lögmannafélag Íslands.*

Úr bréfi Ágústs Fjeldsteds formanns Lögmannafélags Íslands, dags. 27. ágúst 1964:

1. Félagið lýsir því áliti að brýn nauðsyn sé á því að flýta málsmeðferð mjög mikið frá því, sem nú er og lýsir yfir fullum stuðningi sínum við embættislegar tilraunir til að koma dómsmálameðferðinni í skjótvirkara horf.

2. Þorri mála er nú orðið rekinn hér í Reykjavík og hlýtur hraði málarekstrar þar því að skipta höfuðmáli og mun félagið því að sinni miða umsögn sína við hana.

3. Með gildandi löggjöf um einkamál var gert ráð fyrir að málum yrði hraðað meira en áður var. Telur félagið, að út af fyrir sig þurfi ekki að breyta þeirri löggjöf til þess að fá greiðari úrlausnir mála.

Félagið telur veigamikla breytingu á starfsháttum borgardómaraembættisins vera mjög nauðsynlega og geta orðið árangursríka til að flýta málum, en hún er sú að mál verði þegar, er lögmenn aðilja hafa skilað greinargerðum sínum, fengið í hendur dómara eða dómarafulltrúa, er þá þegar fái málið til persónulegrar fullnaðarmeðferðar og stýri meðferð þess samkvæmt 110. gr. og 111. gr. einkamálalaganna og gæti þess þá m. a. að óhæfur dráttur verði ekki á einstökum þáttum málsmeðferðarinnar. Verði lögmönnum tilkynnt, hver með málið eigi að fara. Með því móti verði felld niður hin vikulegu þinghöld, sem haldin eru einungis til þess að veita fresti, athugunarlítið af hálfu dómara.

4. Þess verður að vænta, að yfirborgardómari setji ákveðnar reglur um nær mál skuli tekin til málflutnings að gagnasöfnun lokinni og að embætti hans verði búið þeim starfskröftum, að tafir þurfi ekki að verða á því.

5. Félagið telur með öllu óviðunandi að mál þurfi að tefjast vegna dráttar á endurritum og dómsgerðum og telur, að embætti yfirborgardómara verði að hafa nauðsynlega starfskrafta til að anna slíku, án dráttar.

6. Félagið vill leggja áherzlu á nauðsyn greiðrar fullnægju dóma, enda kunna þar mikil verðmæti að vera í húfi. Í því sambandi skal á það bent, að ástæða er til að varast það, að tekin verði upp svo skörp starfaskipting við embætti yfirborgarfógeta, að ekki verði komizt yfir að framkvæma fjárnámsgerðir, þegar um þær er beðið. Á það skal sérstaklega bent, að nauðsyn er á að framkvæma fjárnám yfir sumarmánuðina án röskunar af orlofum starfsmanna embættisins.

7. Nú mun starfað að setningu nýrra skiptalaga og verður að gera ráð fyrir að í væntanlegri löggjöf verði fyrir því séð, að búskipti og dómsúrskurðir í sambandi við þau geti gengið greiðlega og verður það því ekki frekar rætt hér.

8. Við gjaldþrotaskipti virðist þó nauðsyn þeirra lagfæringa þegar í stað, að fylgt verði ákvæðum 7. gr. laga nr. 25/1929 um að þrotamaður verði tafarlaust leiddur fyrir lögreglurétt til að gera grein fyrir hag sínum og nauðsynleg bókhaldsrannsókn verði hafin og framkvæmd án dráttar svo niðurstöður lögreglurannsóknarinnar verði notaðar við skipti án þess að valda töfum á þeim. Virðist sjálfsagt að nánari samvinna en nú er verði tekin upp með sakadómi og skiptarétti

á þessu sviði, í því skyni að forða töfum á skiptum eða jafnvel tjóni kröfuhafa.

9. Um greiða málsmeðferð opinberra mála sér félagið ekki ástæðu til að láta uppi álit, þar sem forstaða þeirra mála er fengin embætti saksóknara og sakadómurum er stjórna gangi mála og lögmenn hafa þar litla íhlutun.

Um meðferð mála í bæjarþingi og hvernig unnt sé að hraða afgreiðslu þeirra mála, leyfir stjórnin sér að vísa til meðfylgjandi athugana og tillagna, er einn félagsmanna, Vagn E. Jósson hrl., hefur gert um þessi mál og látið stjórninni í té, en stjórnin lýsir mig í meginatriðum fylgjandi tillögum þessum. Þó vill stjórnin taka fram, að hún telur heppilegra, að meðferð dómsmála sé hagað eins og gert er ráð fyrir í 3. tl. bréfs þessa, frekar en gert er ráð fyrir í I., í tillögum Vagns E. Jónssonar, enda féllst Vagn Jónsson á þetta í viðræðum við stjórnina.

Varðandi uppboð á lausafjármunum og geymslu fjárnumdra muna vill stjórnin leyfa sér að vísa til meðfylgjandi bréfs, er stjórnin ritaði borgarfógeta þ. 2. 12. 1963.

*Vagn E. Jónsson hrl.: Hvernig er unnt að hraða meðferð bæjarþingsmála?*

Seinagangur í meðferð bæjarþingsmála hefur lengi verið málsaðilum sjálfum, lögmönnum þeirra, og dómurum til leiðinda og óþæginda. Þarf ekki að efast um, að allir er starfa við flutning einkamála og meðferð þeirra fyrir dómi, bæði málflytjendur og dómarar, óski eftir greiðari og hraðari málsmeðferð.

Margir málflytjendur og dómarar gera sér og sérstaklega far um að hraða meðferð mála og fyrir kemur að einstök mál, sem ástæða þykir að hraða sérstaklega, séu dæmd fáum mánuðum eftir þingfestingu. Þetta eru þó svo fágætar undantekningar, að þær eru aðeins til þess að sýna, að það er mögulegt að ljúka afgreiðslu mála fyrir dómi á mjög skömmum tíma. Algengt er, að 1—2 ár fari í rekstur bæjarþingsmála fyrir bæjarþingum Reykjavíkur, Hafnarfjarðar og Kópavogs, (vegna ókunnugleika nefni ég ekki aðra staði á landinu) og talsvert mun vera af málum fyrir dómi, sem eru 3ja ára og eldri, og eftir er að flytja og dæma. Er vitað að sum þessara mála eru viðamikil og erfið viðfangs og gagnaöflun í þeim og önnur vinna mjög tímafrek. Hinsvegar vita dómarar og lögmenn að flest málin á bæjarþingunum eru ekki umfangsmeiri en svo að gagnasöfnun í þeim, málflutningi og dómsuppkvaðningu væri unnt að ljúka á örskömmum tíma ef annir vegna annarra verka tefðu ekki og menn gætu beitt sér við hvert mál í senn. Það er öllum kunnugt sem málflutning stunda, jafnt og dómurum, að ástæðan fyrir drætti málanna fyrir bæjarþingunum er ekki sú, að vinna í þeim sé svo mikil að þau dragist af þeirri ástæðu eingöngu, heldur líða langir kaflar í meðferð hvers máls svo, að ekkert er hreyft við því, að öðru leyti en því að málið er tekið fyrir á hinum föstu bæjarþingsdögum og því frestað hvað eftir annað.

Sé um þetta rætt við dómarana svara þeir oftast á þá leið að sökin sé málflytjendanna sjálfra, að mestu leyti, þeir biðji um frest á frest ofan, láti menn mæta í málunum, sem ekki vita um hvað málin fjalla, og loks að málafjöldinn sé svo mikill að eigi sé unnt að afgreiða málin á fullnægjandi hátt með þeim mannafla, sem embættið á kost á. Málflytjendur vilja hinsvegar ekki viðurkenna að þeirra sök sé öll í þessu efni og benda á að óhæfilega langur tími líði oft frá lokum gagnasöfnunar til hins munnlega flutnings, að seinlega gangi stundum að ákveða réttarhöld utan hinna reglulegu réttarhalda, til vitnaleiðslu eða aðilayfirheyrslu, og að afgreiðsla endurrita gangi seint.

Ástæðan til þess að þessar línur eru ritaðar er nú ekki sú að þörf sé á að segja þessa hluti, sem málflytjendum og dómurum eru fyrir löngu orðnir ljósir. Eigi er heldur tilætlunin að grafast fyrir um hvort sökin sé málflytjendanna eða dómaranna. Tilgangurinn með skrifum þessum er að sýna fram á það að rót meinsins sé að finna í óheppilegu fyrirkomulagi á framkvæmd einkamálalaganna.

Með einfaldri fyrirkomulagsbreytingu innan marka einkamálalaganna og án

nokkurra lagabreytinga álít ég mögulegt að breyta meðferð bæjarþingsmála á næstu 2—3 árum á þann veg að meðferð langflestra munnlega fluttra mála ljúki á 3—6 mánuðum.

Álít ég að breytingar þessar, ef framkvæmdar verða, muni af sjálfu sér og án þess að málflytjendur eða dómarar þurfi að leggja meira að sér við störf sín en áður, verða til þess að rekstur bæjarþingsmála muni ganga langtum greiðar og að meðferð þeirra verði líkari því, sem ráð er gert fyrir í einkamálalögunum, en með núverandi fyrirkomulagi.

Breytingar þær á málsmeðferð, sem hér er átt við, eru þessar:

I. Er málið hefur verið þingfest á bæjarþingi á einum hinna föstu réttardaga og samkomulag er milli málflytjenda (eða aðila) um frest til stefnda til greinargerðar er málinu frestað eins og venja er til. Málinu er þó ekki frestað til sameiginlegs þinghalds um mörg mál á föstum réttardegi heldur ákveðinn sérstakur tími til fyrirtöku þess utan hinna föstu réttarhalda.

II. Í 2. þinghaldi er gagnaöflunin rædd. Í þessu þinghaldi, sem er eins og fyrr segir sérstakt þinghald vegna máls þessa, má gera ráð fyrir að lögmenn aðila mæti sjálfir eða fulltrúi starfandi á skrifstofu þeirra. Má vænta þess að lögmenn mæti sjálfir vegna þess að nokkuð meira verður um málið fjallað í réttarhaldi þessu en venja hefur verið til á hinum föstu réttardögum og að þegar mál eru tekin fyrir á ýmsum tímum dags marga daga vikunnar fæst enginn lögmaður til að sinna slíkum mótum fyrir aðra.

Má hér vísa til reynslunnar af málflutningi fyrir fógetarétti. Þar eru málin ekki tekin fyrir mörg saman í röð á föstum réttardögum enda mæta lögmenn svo til ávallt sjálfir í málum umbjóðenda sinna þar, sem og er bezt fyrir framgang málanna. Í þinghaldi þessu er svo sem venja er til og ráð er fyrir gert í einkamálalögunum lögð fram greinargerð stefnda, athugað um formgalla, leitað sátta o. s. frv. Í sambandi við athugun á lengd frestsins getur dómari innt lögmennina eftir því hverra gagna þeir hyggist afla og lögmennirnir geta spurt hvor annan hins sama. Eru lögmennirnir án efa eigi skyldir að svara öllum spurningum um þetta, en sennilegt er að yfirleitt muni lögmenn ekki telja sér óhag af því að ræða gagnasöfnunina sín á milli og við dómara. Óþarft er að geta þess að dómari gætir þess að sjálfsögðu eins og venjulega að leiðbeina ekki lögfróðum fyrirsvarsmönnum um gagnaöflun. Hinsvegar hefur dómari víðtæka heimild skv. 114. gr. eml. til þess að beina því til aðila að þeir afli gagna um tiltekin málsatriði. Til þess að vita hve langur frestur sé hæfilegur til gagnasöfnunar þarf dómari einnig að vita hvernig lögmenn málsins hugsi sér að haga gagnaöfluninni, og eru umræður um þetta því eðlilegar og fara sízt í bága við einkamálalögin.

Í þinghaldi þessu ræða dómari og lögmenn því í stórum dráttum hina væntanlegu gagnaöflun.

Ef lögmenn geta þess í þinghaldi þessu að þeir muni leiða vitni eða aðila fyrir dóm er þegar í þinghaldinu ákveðið hvenær yfirheyrslan skuli fara fram, nema í þeim fáu tilfellum sem afla þarf annarra gagna fyrst. Málið verður upp frá þessu aðeins tekið fyrir í sérstökum réttarhöldum. Hinir föstu bæjarþingsdagar verða aðeins notaðir til þess að þingfesta ný mál.

III. Gangi allt að vonum er gagnasöfnun lokið í 3. réttarhaldi, er málinu var frestað til gagnasöfnunar. Ekki er þó ástæða til að ætla að ávallt takist svo vel til og má því vera að aftur þurfti að fresta málinu til gagnasöfnunar. Hitt má ljóst vera að þegar lögmenn vita að dómari geri sér það ómak að taka málið sérstaklega fyrir og lögmaður gagnaðila hefur fyrirhöfn af því að mæta sjálfur, og þar að auki er áður búið að ræða um gögn er afla eigi, má ótrúlegt vera að lögmenn láti sig það henda í annað sinn að afla eigi gagnanna innan loka frestsins. Má hér aftur vísa til reynslunnar úr fógetaréttinum. Þar tíðkast eigi að veita fresti hvað eftir annað til gagnasöfnunar nema gerð sé grein fyrir hverra gagna skuli

reynt að afla, og yfirleitt mæta lögmenn þar ekki hvað eftir annað til að fá framhaldsfrest, án þess að hafa safnað gögnum.

Í réttarhaldi þessu (sem þá er 3. eða 4. réttarhald) lætur dómari uppi ef hann telur upplýsingar eða gögn vanta og veitir frest í þessu skyni, en lætur það ekki bíða til dómtöku málsins. (Þótt hann hafi að sjálfsögðu þessa heimild alveg fram að dómsuppkvaðningu). Dómari hefur fylgzt betur með málinu en nú tíðkast og hann á því hægara með að gera sér grein fyrir því, ef honum þykir upplýsingar vanta.

IV. Í réttarhaldi því, sem bókað er, að gagnaöflun sé lokið, er ákveðinn dagur til hins munnlega málflutnings og bókað um hann, en ekki bókað að dagur til munnlegs flutnings verði ákveðinn síðar eins og nú tíðkast. Má gera ráð fyrir að sá dagur verði ákveðinn innan hæfilegs frests, t. d. eftir 1 eða 2 vikur. Mun ólíklegt að aðilar fallist á fyrirtökudag marga mánuði fram í tímann, er ákvörðunin um flutningsdaginn er tekin í réttinum.

Þegar málflutningur fer fram hafa dómari og lögmenn því nýlega fjallað um málið, þeim er það í fersku minni og undirbúningur undir málflutninginn kostar minni vinnu en þegar ½ ár eða lengri tími er liðinn frá lokum gagnaöflunar.

V. Frestir þeir, sem veittir eru til gagnaöflunar, séu notaðir á þann hátt, að þau gögn, sem aflast, séu látin koma fram strax en ekki geymd til næsta réttarhalds. Þegar málflytjanda berst sönnunargagn, er hann hyggst leggja fram, sendir hann gagnaðila og dómara endurrit af því þegar í stað. Með þessu móti fylgjast dómari og lögmenn með hvað gagnaöflun líður. Sé langt liðið á gagnasöfnunarfrestinn en gögn ekki farin að koma fram geta lögmenn eða dómari spurzt fyrir utan réttar um hvað líði gagnasöfnuninni og þannig ýtt á eftir henni ef með þarf.

Það sem líklegt má telja að vinnist verði þessar aðferðir almennt teknar upp, er:

Samvinna dómara og lögmanna verður nánari, lögmenn mæta sjálfir í málum sínum, hvert mál verður tekið fyrir miklu sjaldnar en nú er, en hinsvegar verður oftast unnið eitthvað jákvætt í þeim þá er þau eru tekin fyrir. Skemmri tími mun líða milli þingfestingar og dómsuppkvaðningar og mun það leiða til þess að lögmenn og dómarar þurfi ekki hvað eftir annað að setja sig inn í mál er ekki hefur verið fjallað um svo lengi að rifja verður það upp aftur í heild sinni.

Fyrr verður hafizt handa um gagnasöfnun og vinna við hana verður markvissari þegar gagnasöfnunin hefur fyrirfram verið rædd í upphafi gagnasöfnunarfrestsins. Síður er hætt við að vitni og aðilar hafi gleymt málsatvikum þegar þau eru yfirheyrð skömmu eftir framlagningu greinargerðar, en ef yfirheyrslan fer fram hálfu eða heilu ári síðar eins og oft á sér stað. Málum þeim, sem eru til meðferðar á bæjarþingi hverju sinni, mun fækka stórlega og dómari á því hægara með að skipuleggja dómstörfin en ef athygli hans tvístrast milli 2—3svar sinnum fleiri mála. Komizt verður hjá gagnslitlum réttarhöldum, er löng röð mála er tekin fyrir á bæjarþingunum og ekkert gert í flestum þeirra annað en að fresta þeim, enda þeir lögmenn flestir ókunnugir málavöxtum er í málunum mæta. Vænta má að sum mál muni verða betur upplýst, vegna þess að skjótar er gengið að gagnaöfluninni og meiri samvinna höfð um hana. Málsmeðferðin verður í betra samræmi við einkamálalögin en verið hefur til þessa.

Aðalatriðið í tillögum þessum er sú breyting að fella niður hina föstu réttardaga og að taka málin fyrir í sérstökum réttarhöldum.

Verði sá háttur tekinn upp mun margt annað koma af sjálfu sér, sem leiðir til bættrar málsmeðferðar, vegna þess að þá er komið á samstarf dómara og málflytjenda, sem hefur verið mjög ábótavant til þessa.

Má vera að sumir meðal dómara og lögmanna muni segja að þeir hafi ekki

tíma til þess að sinna öllum þessum réttarhöldum, sem haldin yrðu ef þessum tillögum yrði fylgt. Ég held þó ekki að dómarastarfið né lögmannsstarfið muni verða tímafrekara með þessari tilhögun, nema síður sé. Rökin fyrir þeirri skoðun eru þessi: Þá vinnu, sem verður að inna af hendi í sambandi við hvert mál frá því að það er þingfest þangað til dómur er upp kveðinn, verður að inna af hendi hvort sem málið er flutt á stuttum eða löngum tíma, málið verður að upplýsa eins og unnt er til þess að það verði dæmt, en þessi vinna minnkar ekki þótt málið sé látið velkjast fyrir dómi misserum saman, heldur eykst fyrirhöfnin frá því sem hún þyrfti að vera, eftir því sem málið er látið verða eldra.

Má segja, að málsmeðferð í fógetarétti í munnlega fluttum málum hafi þegar sannað kosti þeirrar tilhögunar sem hér er stungið upp á.

Að vísu er ekki hægt að leggja alveg að jöfnu málflutning fyrir bæjarþingi og fógetarétti. Hinsvegar má segja að nærri stappi að munnlega fluttu bæjarþingsmálin taki eins mörg ár og munnlega fluttu fógetamálin taki mánuði, og stafar þessi mikli munur ekki af því eingöngu að gagnasöfnun sé svo miklu minni fyrir fógetarétti eða önnur vinna við málflutning þar auðveldari. Oft á sér stað talsverð gagnasöfnun í fógetaréttarmálinu og vandasamur málflutningur, en málin eru samt oftast afgreidd þar á fáum mánuðum. Heyrist þó aldrei umkvörtun frá lögmönnum eða dómurum í sambandi við málflutning í fógetarétti um að hann þyki tímafrekur vegna þess að málin séu tekin fyrir þar í sérstökum réttarhöldum.

Það er mjög auðvelt að reyna málsmeðferð þessa í framkvæmd, vegna þess að ekki er nauðsynlegt að breyta í einni svipan heildarfyrirkomulagi á bæjarþingunum. Hægt er að velja nokkur ný mál, ekki færri en 5—6 og reyna tillögurnar. Reynist þær vel í framkvæmd má nota aðferðina við öll ný mál jafnóðum og þau koma fyrir og hverfur þá eldri aðferðin smátt og smátt.

Að lokum vil ég geta þess að ég hef ekki haft tíma til þess að gera yfirlit yfir meðaltal þeirrar tímalengdar er fer í flutning málanna. Staðhæfingar mínar um hina tafasömu málsmeðferð kunna því að einhverju leyti að vera óréttmætar og of djúpt í árinni tekið. Starfshættir í þeim dómaraembættum, er nefnd hafa verið, eru eigi heldur að öllu leyti eins og jafnvel eru áraskipti að því hvernig afgreiðsla mála gengur. Bið ég því velvirðingar á því ef einhverjum er gert rangt til með framanrituðum línum. Aðalatriðið er hinsvegar að málareksturinn er almennt svo seinlegur að til vandræða horfir og hlýtur að vera vilji bæði lögmanna og dómara að finna ráð til þess að bæta úr því.

*Úr bréfi Lögmannafélags Íslands til borgarfógeta 2. des. 1962.*

Stjórn Lögmannafélags Íslands leyfir sér hér með, herra yfirborgarfógeti, að rita yður eftirfarandi erindi:

Á framhaldsaðalfundi í L. M. F. Í., er haldinn var 11. okt. s. l., urðu nokkrar umræður um, hversu bæta mætti ástand það, sem nú ríkir hér í borg, í málum varðandi nauðungarsölu á lausafjármunum. Kom í ljós af ræðum fjölmargra félagsmanna L. M. F. Í., að núverandi ástand væri lítt unandi, þar sem nauðungaruppboð á lausafjármunum fjárnumdum, fengist ekki nema á jafnvel nokkra mánaða fresti og að engin tök væru á því að taka fjárnumda muni úr vörzlum gerðarþola nema lögmenn sjálfir kæmu þeim til geymslu með ærnum kostnaði og á eigin ábyrgð. Lögmenn hefðu hinsvegar ekki yfir neinum slíkum geymslum að ráða. Þetta leiddi yfirleitt til þess, að eigi væru möguleikar á að taka fjárnumda muni úr vörzlum gerðarþola mánuðum saman, eða þar til nauðungaruppboð yrði loks auglýst, en þá væri lögmönnum nauðugur einn kostur að taka munina úr vörzlum gerðarþola samdægurs og nauðungaruppboð skyldi fram fara. Það væri oft mjög miklum erfiðleikum bundið og stundum jafnvel eigi hægt. Leiddi þetta til þess að fjárnám í lausafjármunum væru yfirleitt orðin þýðingarlítil við innheimtu dóma, en þetta skapaði ástand sem væri algjörlega óviðunandi, enda hætt við réttarspjöllum af þessum sökum.

Af tilefni þessara umræðna á fundi L. M. F. Í. var samþykkt tillaga, þar sem skorað var á stjórn L. M. F. Í. að beita sér fyrir því, að fá leiðréttingu þessara mála, eða að öðrum kosti að leigja húsnæði, þar sem hægt væri að geyma fjárnumda muni, er teknir væru úr vörzlum gerðarþola, þar til hægt væri að halda opinbert uppboð, eða helzt að útvega húsnæði, þar sem lausafjáruppboð mættu fara fram.

Að athuguðu máli hefur stjórn L. M. F. Í. litið svo á, að sú leið, að félagið leigði húsnæði, þar sem hægt væri að geyma í fjárnumda muni, tekna úr vörzlu gerðarþola, væri tæplega fær, þar eð af því mundi leiða mjög aukinn kostnað fyrir gerðarþola, bæði í geymslugjaldi og að sjálfsögðu þá einnig vegna vátryggingar á slíkum munum. Enn fremur hefur það sjónarmið komið fram, að eigi væri eðlilegt að stjórn L.M.F.Í eða einstakir félagar ættu frumkvæði að því að útvega slíka geymslu og/eða réttarsal, þar sem opinber uppboð á fjárnumdum munum gætu fram farið, enda væri það án efa í verkahring framkvæmdar- og/eða dómsvaldsins, að annast um og sjá til þess, að nauðsynlegt húsnæði sé til reiðu dómstólum landsins, þar sem framkvæmdar verði nauðsynlegar dómsathafnir.

Stjórn Lögmannafélags Íslands hefur gert nokkuð til þess að kynna sér viðhorf félagsmanna almennt eftir greindan fund í félaginu og leitað álits þeirra á þessu máli.

Niðurstaða þeirra eftirgrennslana stjórnarinnar er á þá leið, að lögmenn yfirleitt telja núverandi ástand með öllu óviðunandi. Það er álit lögmanna að það sé hið æskilegasta í þessum málum, að nauðungaruppboð á fjárnumdum lausafjármunum fari fram að minnsta kosti einu sinni í mánuði hverjum, á fyrirfram ákveðnum dögum enda sé þá ákveðið húsnæði fyrir hendi, þar sem uppboðin færu fram. Slíkt húsnæði þyrfti þá að vera svo aðgengilegt, að lögmenn gætu komið þar inn til geymslu þeim lausafjármunum er auglýstir yrðu til uppboðs á næsta uppboðsdegi, hvenær sem væri á tímabilinu milli uppboða. Eðlilegt væri, að slíkt uppboðshúsnæði væri fastur samastaður fyrir opinber nauðungaruppboð á lausafjármunum.

Ef rétt yrði talið að taka eitthvert sérstakt gjald vegna þessa, mundi það að sjálfsögðu teljast til uppboðskostnaðar og verða innheimt með eða af uppboðsandvirði.

## Tímalengd meðferðar dæmdra opinberra mála í hverju umdæmi.

| | 0—1 ári skipt eftir mánuðum | | | | | | | | | | | | Ár | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 0–1 | 1–2 | 2–3 | 3–4 | 4–5 | 5–6 | 6–7 | 7–8 | 8–9 | 9–10 | 10–11 | 11–12 | 0–1 | 1–2 | 2–3 | 3–4 | 4–5 | 5–6 | 6–7 | Samt. |
| **Reykjavík (sakadómur).** | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1961 | 12 | 14 | 32 | 30 | 32 | 28 | 25 | 16 | 20 | 21 | 13 | 7 | 250 | 32 | 10 | – | – | – | – | 292 |
| 1962 | 9 | 63 | 105 | 76 | 48 | 25 | 18 | 14 | 17 | 8 | 6 | 5 | 394 | 27 | 3 | 3 | 1 | – | – | 428 |
| 1963 | 4 | 21 | 26 | 44 | 25 | 27 | 27 | 17 | 17 | 8 | 11 | 7 | 234 | 26 | 3 | 1 | 1 | – | – | 265 |
| 1964 | 5 | 22 | 40 | 35 | 37 | 32 | 33 | 41 | 51 | 29 | 22 | 24 | 371 | 61 | 12 | 1 | – | – | 1 | 446 |
| 1965 | 14 | 10 | 42 | 42 | 35 | 35 | 30 | 27 | 35 | 28 | 34 | 25 | 357 | 98 | 21 | 5 | 4 | – | – | 485 |
| Samtals | 44 | 130 | 245 | 227 | 177 | 147 | 133 | 115 | 140 | 94 | 86 | 68 | 1606 | 244 | 49 | 10 | 6 | – | 1 | 1916 |
| **Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.** | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1961 | – | – | 1 | – | – | – | – | – | – | – | 1 | – | 2 | – | – | – | – | – | – | 2 |
| 1962 | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | 1 | 1 | – | – | – | – | – | – | 1 |
| 1963 | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | 0 |
| 1964 | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | 1 | – | 1 | 1 | – | – | – | – | – | 2 |
| 1965 | – | – | – | – | – | – | – | – | – | 1 | – | – | 1 | 1 | – | – | – | – | – | 2 |
| Samtals | – | – | 1 | – | – | – | – | – | – | 1 | 2 | 1 | 5 | 2 | – | – | – | – | – | 7 |
| **Akraneskaupstaður.** | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1961 | – | 1 | 3 | – | 2 | – | 1 | 2 | – | 1 | – | – | 10 | 1 | 2 | 1 | – | – | – | 14 |
| 1962 | 1 | – | – | 1 | – | 1 | – | – | – | – | – | – | 3 | 4 | – | – | – | – | – | 7 |
| 1963 | – | 1 | 1 | – | 1 | – | – | 2 | 1 | – | – | – | 6 | 2 | – | 2 | – | – | – | 10 |
| 1964 | 1 | 2 | 1 | 6 | 3 | – | – | 1 | – | 1 | 2 | – | 17 | – | 1 | – | – | – | – | 18 |
| 1965 | – | – | 1 | 7 | 3 | 1 | – | – | 1 | 1 | – | – | 14 | 2 | – | – | – | – | – | 16 |
| Samtals | 2 | 4 | 6 | 14 | 9 | 2 | 1 | 5 | 2 | 3 | 2 | – | 50 | 9 | 3 | 3 | – | – | – | 65 |
| **Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.** | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1961 | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | 0 |
| 1962 | – | – | – | 1 | 2 | 1 | – | – | – | – | – | – | 4 | 2 | – | – | – | – | – | 6 |
| 1963 | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | 1 | 1 | – | – | – | 2 |
| 1964 | – | – | – | – | – | 1 | – | – | – | – | – | – | 1 | – | – | – | – | – | – | 1 |
| 1965 | – | – | – | 1 | – | – | – | – | – | 1 | – | – | 2 | 2 | – | – | – | – | – | 4 |
| Samtals | – | – | – | 2 | 2 | 2 | – | – | – | 1 | – | – | 7 | 4 | 1 | 1 | – | – | – | 13 + 7 óviss |
| **Dalasýsla.** | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1961 | 1 | – | – | – | – | – | – | – | – | 1 | – | – | 2 | – | – | – | – | – | – | 2 |
| 1962 | – | – | – | – | – | – | – | 1 | – | – | – | 1 | 2 | 1 | – | – | – | – | – | 3 |
| 1963 | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | 1 | – | 1 | 1 | – | – | – | – | – | 2 |
| 1964 | – | – | – | – | – | – | – | – | – | 1 | – | – | 1 | – | – | – | – | – | – | 1 |
| 1965 | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | 1 | – | – | – | – | – | 1 |
| Samtals | 1 | – | – | – | – | – | – | 1 | – | 2 | 1 | 1 | 6 | 3 | – | – | – | – | – | 9 |

| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Barðastrandarsýsla.** | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1961 | – | 1 | 1 | – | 1 | 1 | – | – | – | – | – | – | 4 | – | – | – | – | – | – | 4 |
| 1962 | – | – | – | 1 | – | – | – | – | – | – | – | – | 1 | – | – | – | – | – | – | 1 |
| 1963 | – | – | 1 | – | – | – | – | – | 1 | 1 | – | – | 3 | – | – | – | – | – | – | 3 |
| 1964 | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | 0 |
| 1965 | – | 1 | – | 1 | – | – | – | – | – | – | – | – | 2 | – | 1 | – | – | – | – | 3 |
| Samtals | – | 2 | 2 | 2 | 1 | 1 | – | – | 1 | 1 | – | – | 10 | – | 1 | – | – | – | – | 11 |
| **Ísafjarðarsýsla, Ísafjarðarkaupstaður.** | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1961 | 2 | 1 | – | – | – | – | – | – | 1 | – | – | – | 4 | – | – | – | – | – | – | 4 |
| 1962 | 7 | – | – | 3 | – | – | 1 | – | – | – | – | – | 11 | 2 | – | – | – | – | – | 13 |
| 1963 | 4 | 2 | 1 | – | 2 | 1 | 1 | – | – | – | 1 | – | 12 | 3 | – | – | – | – | – | 15 |
| 1964 | 10 | 4 | – | 1 | 3 | – | 1 | – | 2 | – | – | 2 | 23 | – | – | – | – | – | – | 23 |
| 1965 | – | – | – | 2 | – | – | – | – | – | – | 1 | – | 3 | – | – | – | – | – | – | 3 |
| Samtals | 23 | 7 | 1 | 6 | 5 | 1 | 3 | – | 3 | – | 2 | 2 | 53 | 5 | – | – | – | – | – | 58 |
| **Bolungarvík.** | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1961 | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | 0 |
| 1962 | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | 0 |
| 1963 | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | 0 |
| 1964 | 1 | – | 1 | – | – | – | – | 1 | – | – | – | – | 3 | – | 1 | – | – | – | – | 4 |
| 1965 | – | – | – | – | – | – | 1 | – | – | – | – | – | 1 | – | – | – | – | – | – | 1 |
| Samtals | 1 | – | 1 | – | – | – | 1 | – | 1 | – | – | – | 4 | – | 1 | – | – | – | – | 5 |
| **Strandasýsla.** | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1961—1965 | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | 0 |
| **Húnavatnssýsla.** | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1961 | – | – | 2 | – | – | – | – | – | – | – | – | – | 2 | 1 | 1 | – | – | – | – | 4 |
| 1962 | – | – | – | – | – | 2 | – | – | – | – | – | – | 2 | 1 | – | – | – | – | – | 3 |
| 1963 | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | 0 |
| 1964 | – | – | – | – | 1 | – | – | – | – | – | – | – | 1 | 1 | – | – | – | – | – | 2 |
| 1965 | – | – | – | – | – | – | – | 1 | – | – | – | – | 1 | 2 | – | – | – | – | – | 3 |
| Samtals | – | – | 2 | – | 1 | 2 | – | 1 | – | – | – | – | 6 | 5 | 1 | – | – | – | – | 12 |
| **Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókskaupst.** | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1961 | – | – | – | – | – | 1 | 1 | 1 | – | – | – | – | 3 | 1 | – | – | – | – | – | 4 |
| 1962 | – | – | 1 | 1 | 1 | – | – | – | – | – | – | – | 3 | – | – | – | – | – | – | 3 |
| 1963 | – | – | – | 1 | – | – | – | – | 1 | – | 3 | – | 5 | – | – | – | – | – | – | 5 |
| 1964 | – | – | – | 1 | 1 | 1 | – | – | – | – | – | – | 3 | – | – | – | 1 | – | – | 4 |
| 1965 | – | – | – | – | 1 | – | – | – | – | – | – | – | 1 | – | 3 | – | – | – | – | 4 |
| Samtals | – | – | 1 | 3 | 3 | 2 | 1 | 1 | 1 | – | 3 | – | 15 | 1 | 3 | – | 1 | – | – | 20 |

| | 0–1 ári skipt eftir mánuðum | | | | | | | | | | | | Ár | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 0–1 | 1–2 | 2–3 | 3–4 | 4–5 | 5–6 | 6–7 | 7–8 | 8–9 | 9–10 | 10–11 | 11–12 | 0–1 | 1–2 | 2–3 | 3–4 | 4–5 | 5–6 | 6–7 | Samt. |
| **Siglufjarðarkaupstaður.** | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1961 | – | – | – | – | – | – | 1 | – | 1 | – | 1 | – | 3 | – | – | – | – | – | – | 3 |
| 1962 | – | – | – | – | – | 1 | 1 | 2 | – | – | – | 2 | 6 | – | – | – | – | – | – | 6 |
| 1963 | – | 1 | – | – | 1 | 1 | 1 | – | 1 | – | 1 | – | 6 | – | – | – | – | – | – | 6 |
| 1964 | – | 2 | 2 | 3 | 1 | 2 | – | – | – | – | – | – | 10 | 1 | 1 | – | – | – | – | 12 |
| 1965 | – | 1 | 1 | 2 | – | – | – | – | – | – | – | – | 4 | 1 | 1 | – | 2 | – | – | 8 |
| Samtals | – | 4 | 3 | 5 | 2 | 4 | 3 | 2 | 2 | – | 2 | 2 | 29 | 2 | 2 | – | 2 | – | – | 35 |
| **Ólafsfjarðarkaupstaður.** | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1961 | – | – | 1 | – | – | – | – | – | – | – | – | – | 1 | – | – | – | – | – | – | 1 |
| 1962 | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | 0 |
| 1963 | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | 0 |
| 1964 | – | – | – | – | – | – | – | 1 | – | – | – | – | 1 | 1 | – | – | – | – | – | 2 |
| 1965 | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | 0 |
| Samtals | – | – | 1 | – | – | – | – | 1 | – | – | – | – | 2 | 1 | – | – | – | – | – | 3 |
| **Eyjafjarðarsýsla, Akureyrarkaupstaður.** | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1961 | 7 | 4 | 5 | 1 | 2 | 1 | 1 | 2 | 1 | 2 | – | – | 26 | – | – | – | – | – | – | 26 |
| 1962 | 3 | 7 | 3 | 6 | 1 | 1 | 1 | 1 | – | – | 1 | – | 24 | 1 | 1 | – | – | – | – | 26 |
| 1963 | 4 | 8 | 9 | 9 | 5 | 6 | – | 1 | – | – | 1 | – | 43 | 2 | – | – | – | – | – | 45 |
| 1964 | 3 | 14 | 15 | 8 | 3 | 3 | 2 | 2 | 2 | 3 | 2 | 1 | 58 | 1 | – | – | – | – | – | 59 |
| 1965 | 1 | 6 | 6 | 10 | 2 | 2 | 2 | 1 | 1 | – | 1 | 2 | 34 | 3 | – | – | – | – | – | 37 |
| Samtals | 18 | 39 | 38 | 34 | 13 | 13 | 6 | 7 | 4 | 5 | 5 | 3 | 185 | 7 | 1 | – | – | – | – | 193 + 4 óviss |
| **Þingeyjarsýsla, Húsavíkurkaupstaður.** | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1961 | 2 | 1 | – | – | 2 | – | 1 | 1 | 1 | – | – | – | 8 | 3 | – | – | – | – | – | 11 |
| 1962 | 1 | – | – | – | – | – | 1 | 1 | – | – | – | – | 3 | 1 | – | – | – | – | – | 4 |
| 1963 | – | – | – | – | – | 1 | – | – | – | – | – | – | 1 | 2 | – | – | – | – | – | 3 |
| 1964 | – | 2 | 2 | 1 | 1 | 1 | – | 1 | – | – | 1 | – | 9 | 1 | – | – | – | – | – | 10 |
| 1965 | – | – | – | 1 | – | – | 1 | 1 | 1 | – | – | 1 | 5 | – | – | – | – | – | – | 5 |
| Samtals | 3 | 3 | 2 | 2 | 3 | 2 | 3 | 4 | 2 | – | 1 | 1 | 26 | 7 | – | – | – | – | – | 33 |
| **N.-Múlasýsla, Seyðisfjarðarkaupstaður.** | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1961 | 3 | – | – | – | – | – | 1 | – | – | – | – | – | 4 | – | – | – | – | – | – | 4 |
| 1962 | 2 | 1 | 1 | 1 | – | – | – | – | – | – | – | – | 5 | – | – | – | – | – | – | 5 |
| 1963 | 3 | – | – | – | – | – | – | 1 | – | – | – | – | 4 | – | – | – | – | – | – | 4 |
| 1964 | 3 | – | – | – | – | 1 | 2 | – | 1 | 1 | 1 | 1 | 10 | – | 1 | – | – | – | – | 11 |
| 1965 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 1 | – | 1 | – | – | 10 | 5 | 1 | – | – | – | – | 16 |
| Samtals | 12 | 2 | 2 | 2 | 1 | 2 | 5 | 2 | 1 | 2 | 1 | 1 | 33 | 5 | 2 | – | – | – | – | 40 |

| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Neskaupstaður.** | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1961 | – | – | 2 | – | 1 | – | – | – | – | – | – | – | 3 | – | – | – | – | – | – | 3 |
| 1962 | 1 | – | 1 | – | – | 1 | – | 1 | – | – | – | – | 4 | – | – | – | – | – | – | 4 |
| 1963 | – | – | 1 | – | – | 2 | – | – | – | – | – | – | 3 | 1 | – | – | – | – | – | 4 |
| 1964 | 1 | 2 | – | 1 | 1 | 1 | – | 1 | 1 | – | – | – | 8 | – | – | – | – | – | – | 8 |
| 1965 | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | – | 2 | 1 | 1 | – | – | – | 12 | – | – | – | – | – | – | 12 |
| Samtals | 3 | 3 | 6 | 3 | 4 | 4 | 2 | 3 | 2 | – | – | – | 30 | 1 | – | – | – | – | – | 31 |
